

Jafnréttisúttekt

Á ÍPRÓTTAFÉLÖGUNUM FRAM, ÍR OG VÍKING



Samantekt - helstu niðurstöður

- Tækifæri eru til að innleiða jafnréttisstefnur með markvissari hætti. Úttektin leiddi í ljós að reglubundnar tölulegar úttektir skv. aðgerðaáætlunum eru sjaldan framkvæmdar. Þá mætti bæta skýrslugjöf um innleiðingu og framkvæmd stefnanna.
- Einnig eru tækifæri til að aðlaga jafnréttisstefnurnar betur að starfi félaganna, t.d. með samtali við iðkendur, þjálfara og forsjáraðila.
- Á heildina litið eru 66% iðkenda karlkyns og 34% iðkenda kvenkyns í félögunum þremur.
- Um 4% drengja og 3% stúlkna í félögunum þremur eru af erlendu þjóðerni.
- Erfitt hefur reynst að fá sjálfboðaliða í stjórnir og telja félögin einkum erfitt að ná til kvenna.
- Heildarsamsetning allra stjórna í íþróttafélögunum þremur er 65% karlar og 35% konur.
- Kynjasamsetning er jafnari í aðalstjórnnum félaganna, þar eru 59% meðlima karlar og 41% konur.
- Æfingatímar, æfingamagn og æfingaaðstaða er sambærileg hjá öllum félögum fyrir stúlkur og drengi.
- Skortur virðist vera á búningsklefum almennt hjá öllum félögunum, ókyngreinda klefa vantar og aðgengi fyrir fatlað fólk er ábótavant.
- Almennt eiga deildirnar sjálfar að sjá til þess að fjármunum sé rétt deilt út og að gætt sé samræmis milli kynja, en ekkert eftirlit virðist vera með því af hálfu aðalstjórna félaganna eða framkvæmdastjóra.
- Góð samvinna virðist vera við skóla, frístundamiðstöðvar og þjónustumiðstöðvar í hverfunum.
- Félögin leggja sig öll fram við að koma til móts við efnaminni iðkendur, upplýsingar um þann stuðning mættu þó vera aðgengilegri.

Tafla 1. Tillögur að úrbótum.

Virkar jafnréttisstefnur
Gera úttektir reglubundið sbr. aðgerðaráætlanir
Vinna skýrslu eða samantekt um framkvæmd stefnunnar
Kynna stefnuna reglulega fyrir iðkendum, forsjáraðilum, þjálfurum, starfsfólki, stjórnarmeðlimum og sjálfboðaliðum
Gera stefnuna sýnilega t.d. á forsiðu heimasíðu og í undirskrift í tölvupóstum
Kynna stefnuna og aðgerðaáætlun nýju starfsfólki við undirritun samnings
Taka á kynbundnum launamun
Auka gagnsæi í launasetningu og verktakasamningum
Skoða hvaða ósýnilegu gildi og viðmið eru ríkjandi. Getur verið að verðmætamat starfa innan félagsins sé kynjað?
Framkvæma reglulegar úttektir á launamálum
Fjölbreytt samsetning stjórna
Setja markmið um að auka fjölbreytileika í stjórnnum
Gera stjórnarsetu meira aðlaðandi t.d. afmarka og skilgreina verkefni, verkaskiptingu innan stjórnar, vera með rafræna fundi og fundartíma sem hentar öllum o.s.frv.
Ýta undir jákvæða menningu sem virðir ólíkar skoðanir og ólík sjónarhorn.
Vinna gegn staðalmyndum
Vera með fjölbreytta fræðslu um jafnrétti, mannréttindi og fjölbreytileika
Vera með efni á miðlum félagsins sem sýnir fjölbreytileika
Taka á neikvæðri orðræðu í garð jaðarsettra hópa

Útvíkka jafnréttisstarf
Útvíkka jafnréttisstefnur svo þær taki einnig til annarra breyta eins og kynhneigðar og uppruna
Kanna viðhorf og ánægju foreldra og iðkenda, greint eftir ýmsum bakgrunnsbreytum
Taka á kynbundnu og kynferðislegu ofbeldi og áreitni
Kynna sér og fylgja verkferlum frá ÍBR
Kynna þjálfurum, sjálfboðaliðum, starfsfólki og eldri iðkendum hegðunarviðmið og siðareglur og fá undirskriftir þeirra
Vera með fræðslu fyrir þjálfara, stjórnendur, sjálfboðaliða og iðkendur
Ná til iðkenda af erlendum uppruna
Vera með upplýsingagjöf á heimasíðu á fleiri tungumálum en íslensku
Vinna eftir móttökuáætlun fyrir börn og unglunga af erlendum uppruna
Vera með samstarf við skóla og þjónustumiðstöðvar í hverfinu í því augnamiði að ná betur til barna og unglunga af erlendum uppruna.
Stuðningur við efnaminni iðkendur
Vera með upplýsingar um mögulegan stuðning aðgengilegar á heimasíðu, og á fleiri tungumálum en íslensku
Vera með samstarf við þjónustumiðstöðvar og skóla í hverfinu
Gæta þess að þjálfarar séu upplýstir um stefnu félagsins í þessu sambandi og hvaða úrræði eru í boði
Hinseginvænt umhverfi
Ókyngreindir búningsklefar og salernisaðstaða í boði fyrir þau sem það kjósa
Endurskoða hvort kynjaskipting iðkenda sé nauðsynleg, sér í lagi í yngri flokkum
Vera með hinseginfræðslu fyrir starfsfólk og þjálfara, er inni í samningi Reykjavíkurborgar við Samtökin '78
Taka á neikvæðri orðræðu og fordómum í garð hinsegin fólks
Aðgengismál
Framkvæma úttekt á aðgengi fyrir fatlað fólk
Setja upplýsingar um aðgengismál á heimasíðu félagsins

Efnisyfirlit

Inngangur	1
Hinsegin fólk og íþróttir	1
Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni	2
Íþróttastarf í Reykjavík	3
Frístundakort Reykjavíkurborgar	5
Aðdragandi úttektarinnar	8
Grundvöllur úttektarinnar	8
Framkvæmd	9
Niðurstöður	10
Knattspyrnufélagið Fram	11
Iðkendur	11
Starfsfólk og stjórnir	13
Jafnréttisstefna	16
Siðareglur og hegðunarviðmið	16
Iðkendur af erlendum uppruna	17
Hinsegin iðkendur	17
Fatlaðir iðkendur	18
Efnahagur	18
Umhverfi og fræðsla	18
Samantekt Fram	19
Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR)	20
Iðkendur	20
Starfsfólk og stjórnir	23
Jafnréttisstefna	26
Siðareglur og hegðunarviðmið	27
Iðkendur af erlendum uppruna	27
Hinsegin iðkendur	28
Fatlaðir iðkendur	28
Efnahagur	28
Umhverfi og fræðsla	28
Samantekt ÍR	29
Knattspyrnufélagið Víkingur	30
Iðkendur	30
Starfsfólk og stjórnir	32
Jafnréttisstefna	33

Siðareglur og hegðunarviðmið	34
Iðkendur af erlendum uppruna	34
Hinsegin iðkendur.....	35
Fatlaðir iðkendur	35
Efnahagur	35
Umhverfi og fræðsla.....	35
Samantekt Víkingur	36
Umræða.....	37
Tillögur til úrbóta.....	39
Félögin	39
ÍBR og Reykjavíkurborg - ÍTR.....	40
Heimildir	41
Viðauki I. Spurningar sendar félögunum þremur	43

Myndaskrá

Mynd 1. Iðkanir ÍBR árið 2019 eftir kyni og aldri (ÍSí).....	3
Mynd 2. Iðkun eftir aldri og kyni innan ÍBR árið 2019 (ÍSí).....	4
Mynd 3. Iðkun íþróttagreina innan íþróttahéraðs ÍBR - fimm vinsælustu íþróttirnar hjá börnum og ungmennum 17 ára og yngri, greint niður á kyn (ÍSí).....	5
Mynd 4. Iðkun íþróttagreina innan íþróttahéraðs ÍBR - fimm vinsælustu íþróttirnar hjá einstaklingum 18 ára og eldri, greint niður á kyn (ÍSí).	5
Mynd 5. Fjöldi og hlutfall barna og unglinga (6-18 ára) sem stunda íþróttir eða líkamsrækt, eftir póstnúmeri (Frístundakort Reykjavíkur, 2019).	6
Mynd 6. Iðkendur félaganna á aldrinum 6-30 ára eftir kyni (Nóri).	10
Mynd 7. Fjöldi skráðra iðkenda á aldrinum 6-30 ára í Fram árið 2020, eftir kyni og íþróttagrein (Nóri).	11
Mynd 8. Fjöldi skráðra iðkenda hjá Fram árið 2020, eftir aldursbili og kyni (Nóri).....	12
Mynd 9. Kynjahlutföll iðkenda í Fram á aldrinum 6-17 ára eftir íþróttagrein (Nóri).....	12
Mynd 10. Fjöldi stjórnarmeðlima í Fram eftir kyni.....	14
Mynd 11. Fjöldi stjórnarmeðlima í Fram eftir uppruna.....	14
Mynd 12. Fjöldi starfsfólks og þjálfara Fram eftir kyni.....	15
Mynd 13. Fjöldi starfsfólks og þjálfara Fram eftir uppruna.....	15
Mynd 14. Hlutfall innflytjenda í Grafarholti, Úlfársdal og Háaleiti og Reykjavík í heild árið 2019 (Hagstofan).	17
Mynd 15. Fjöldi skráðra iðkenda á aldrinum 6-30 ára hjá ÍR árið 2020, eftir kyni og íþróttagrein (Nóri).	20
Mynd 16. Fjöldi skráðra iðkenda hjá ÍR árið 2020, eftir aldursbili og kyni (Nóri).....	21
Mynd 17. Kynjahlutföll iðkenda í ÍR á aldrinum 6-17 ára eftir íþróttagrein (Nóri).....	21
Mynd 18. Umsóknir í Magnúsarsjóð (afrekssjóður) tímabilið 2018-2019 eftir kyni á umsókn.....	22
Mynd 19. Fjöldi stjórnarmeðlima í ÍR eftir kyni.....	24
Mynd 20. Fjöldi stjórnarmeðlima í ÍR eftir uppruna.....	24
Mynd 21. Fjöldi starfsfólks og þjálfara ÍR eftir kyni.....	25
Mynd 22. Fjöldi starfsfólks og þjálfara ÍR eftir uppruna.....	26
Mynd 23. Hlutfall innflytjenda í Breiðholti og Reykjavík í heild árið 2019 (Hagstofan).	27
Mynd 24. Fjöldi skráðra iðkenda á aldrinum 6-30 ára hjá Víking árið 2020, eftir kyni og íþróttagrein (Nóri).	30
Mynd 25. Fjöldi skráðra iðkenda hjá Víking árið 2020, eftir aldursbili og kyni (Nóri).	30
Mynd 26. Kynjahlutföll iðkenda í Víking á aldrinum 6-17 ára eftir íþróttagrein (Nóri).	31
Mynd 27. Fjöldi stjórnarmeðlima í Víking eftir kyni.	32
Mynd 28. Fjöldi stjórnarmeðlima í Víking eftir uppruna.	32
Mynd 29. Fjöldi starfsfólks og þjálfara Víkings eftir kyni.....	33
Mynd 30. Hlutfall innflytjenda í Fossvogi og Bústaðahverfi og Reykjavík í heild árið 2019 (Hagstofan).	34

Inngangur

Í sögulegu samhengi hafa gagnkynhneigðir karlar verið í ríkjandi stöðu þegar kemur að heimi íþróttanna (Coakley & Pike, 2014; Hafdís Hafsteinsdóttir, 2013; Messner & Sabo, 1990, 1994). Þátttaka kvenna í skipulögðum íþróttum var ekki mikil í upphafi en hefur farið ört vaxandi á seinni hluta 20. aldar og á 21. öldinni. Konur hafa þurft að berjast fyrir stöðu sinni innan íþróttanna, og hafa mátt þola að tilvist þeirra sem iðkendur, þjálfarar og stjórnendur hafi verið dregin í efa og gagnrýnd í gegnum tíðina (Anderson, 2009; Fink, 2008; Hafdís Hafsteinsdóttir, 2013).

Út frá félagsfræðilegu sjónarhorni hefur íþróttum verið lýst sem félagslegri stofnun byggðri utan um ríkjandi karlmennskuhugmyndir (Anderson, 2009; Dworkin & Messner, 2002; Messner, 1989). Í íþróttum þarf að sýna styrk, kraft, árásargirni, ákveðni og hugrekki, sem eru gjarnan álitnir karllægir eiginleikar (Dworkin & Messner, 2002; Woods, 2015). Aukin þátttaka kvenna hefur ekki endilega orðið til þess að brjóta upp hefðbundnar samfélagslegar ímyndir um karlmennsku og kvenleika, heldur þurfa konur í íþróttum að sýna af sér bæði karlmennsku og kvenleika. Íþróttakonur eiga að vera sterkar og áráðnar en á sama tíma tíma mega þær ekki hafna kvenleika sínum. Ein birtingarmynd þessa er hvernig kvenkyns íþóttafólk hefur í gegnum tíðina verið kyngert (e. sexualized), bæði í auglýsingum sem og í fjölmiðlaumfjöllun. Ákveðin tvískipting á sér stað innan íþróttanna þar sem íþróttum er skipt upp eftir kyni, þar sem karlar keppa er talað um íþrótt en þar sem konur keppa er gjarnan talað um *kvennaíþrótt*. Til að *kvennaíþróttir* njóti brautargengis hafa þær gjarnan þurft að vera aðlaðandi áhorfs fyrir karla, þar sem keppendur verða jafnvel að kynferðislegu viðfangi hins karllæga gláps áhorfandans (e. male gaze), en þessi tvískipting viðheldur hefðbundnum hugmyndum um karlmennsku og kvenleika (Dworkin og Messner, 2002). Sem dæmi um þetta má nefna keppnisbúninga í strandblaki og tennis.

Samkvæmt niðurstöðum meistararitgerðar Helenu Jónsdóttur (2021) þá er kynbundinn launamunur til staðar í íþróttum á Íslandi, þar sem karlar fá hærri laun en konur. Einnig hallar verulega á konur í stjórnnum íþróttafélaga á Íslandi, en karlar eru fremur formenn stjórna íþróttafélaga heldur en konur. Jafnframt leiddi rannsókn Helenu í ljós að fjármunir félaga skila sér ekki til kvennaliðanna í jafn miklu mæli og til karlaliðanna (Helena Jónsdóttir, 2021).

Einnig er vert að nefna að fjölmiðlaumfjöllun um íþróttir kvenna hefur í gegnum tíðina verið töluvert minni en sú umfjöllun sem íþróttir karla fá, ásamt því að karlar hafa verið í meirihluta þeirra sem starfa sem íþróttufréttamenn á Íslandi (Eygló Árnadóttir o.fl., 2010; Kjartan Ólafsson, 2006; Kolbeinn Tumi Daðason, 2013; Valgerður Jóhannsdóttir & Þorgerður Einarsdóttir, 2015).

Hinsegin fólk og íþróttir

Hómófóbía hefur einnig verið viðloðandi við heim íþróttanna, þar sem gagnkynhneigð er normið og aðrar kynhneigðir frávikið (Anderson, 2010; Denison & Kitchen, 2015; Roper & Hallronan, 2007). Fyrirfram gefnar hugmyndir um gagnkynhneigð og samkynhneigð í íþróttum eiga það til að valda fordómum í garð hinsegin íþróttafólks (Johnson & Kivel, 2007). Það er fremur samþykkt að kvenkyns íþróttafólk sé samkynhneigt fremur en karlar, enda fellur staðalmyndin um hina karlmannlegu lesbíu ágætlega að karllægum gildum íþróttahéimsins. Fordómar og mismunun gagnvart hinsegin íþróttafólki birtist t.d. í gegnum neikvæðar staðalmyndir, orðræðu, félagslega einangrun, hómófóbíu, áreitni, misrétti í vali í lið og neikvæðri umfjöllun í fjölmiðlun (Roper & Hallronan, 2007). Félagsleg staða kynjanna kemur einnig fram í orðræðu sem tengist íþróttum og birtist t.d. í orðatiltækjum líkt og að “kasta eins og stelpa” eða þegar orðið hommi er notað sem níðyrði til að áreita leikmenn. Þá hefur einnig verið bent á hvernig umræðan í karlaklefunum á það til að vera neikvæð, hómófóbisk og kvenfjandsamleg (Júlía Margrét Einarsdóttir & Kristján Guðjónsson, 2021; Kristín Sigurðardóttir, 2021).

Í könnun Samtakanna '78 (S78) um líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi var spurt hvort það væru einhver sérstök svæði í skólanum þar sem þau væru sérstaklega óörugg eða líði óþægilega. Algengast var að hinsegin ungmenni forðist búningasklefa, leikfimitíma og íþróttahús skólans (Tótla I. Sæmundsdóttir & Daníel E. Arnarsson, 2020). Þetta getur gefið vísbendingu um að það sé eitthvað í umhverfinu sem veldur því að hinsegin ungmennum líði óþægilega í kringum íþróttir. Kynjuð rými (eins og búningasklefar og salerni) geta orðið vettvangur áreitni, stríðni eða valdið togstreitu. Þetta á sérstaklega við um þau sem skilgreina sig utan kynjatvíhyggjunnar. Hinsegin ungmenni eru einnig útsett fyrir fordómafullum ummælum, bæði frá nemendum og starfsfólki skólanna (Tótla I. Sæmundsdóttir & Daníel E. Arnarsson, 2020). Það er ekki ólíklegt að staðan sé svipuð á vettvangi íþróttanna.

Í könnun sem mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkurborgar gerði meðal hinsegin fólks um þátttöku þeirra í íþróttum kom fram að 33% svarenda komu ekki opinberlega út á meðan þau stunduðu íþróttina. Kvenkyns svarendur voru líklegri en karlkyns svarendur til að hafa verið opinberlega hinsegin meðan þær stunduðu íþróttir. Þá voru konur einnig líklegri til að vita um opinberlega hinsegin fólk í sinni íþrótt í efstu röð, en 53% karlkyns svarenda vissu engin dæmi um opinberlega hinsegin íþróttafólk í efstu röð í sinni íþrótt í karlaflokki. Niðurstöður könnunarinnar benda til þess að hluti af hinsegin iðkendum íþróttafélaga upplifi fordóma sem birtast m.a. í neikvæðri orðræðu um homma og lesbíur, og að einhverjar breytingar þurfi að verða innan íþróttahreyfingarinnar til að hinsegin fólk upplifi sig velkomið og öruggt. Niðurstöðurnar sýna fram á mikilvægi upplýstrar umræðu og fræðslu (Svandís Anna Sigurðardóttir, 2020).

Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni

Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi, áreitni og einelti hefur einnig viðgengist í heimi íþróttanna. Í janúar 2018 gáfu íslenskar íþróttakonur út yfirlýsingu í #metoo byltingunni. Með yfirlýsingunni fylgdu 62 reynslusögur kvenna í íþróttum sem lýstu kynferðislegri og kynbundinni áreitni, stríðni, kynbundnu ofbeldi, nauðgunum og öðru kynjamisrétti sem viðgengst í heimi íþróttanna. Sögurnar voru bæði úr hópíþróttum og einstaklingsíþróttum. Áreitnin og ofbeldið átti sér stað bæði innan og utan vallar og gerendur voru allir karlkyns; þjálfarar, leikmenn, sjálfboðaliðar, ljósmyndarar, dómarmenn, nuddarar og aðrir sem koma að starfsemi íþróttafélaga með einhverjum hætti. Sögurnar lýsa því hvernig andrúmsloft innan íþróttanna er oft neikvætt í garð kvenkyns iðkenda og hvernig kynferðisleg áreitni er normaliseruð og nauðgunarmenning viðgengst. Kynferðisleg áreitni og ofbeldi eru misbeiting valds og sá sem beitir ofbeldinu getur verið í valdastöðu gagnvart iðkandanum t.d. sem þjálfari eða stjórnandi. Valdastrúktúr íþróttanna og ákveðin menning getur viðhaldið vandanum og veitt ofbeldinu skjól.

ÍBR hefur nýlega tekið upp verklag þegar kemur að ofbeldismálum og taka þau á móti tilkynningum og aðstoða þolendur og íþróttafélögin við úrlausn mála. Málum sem koma inn á borð ÍBR hefur fjölgað mikið í kjölfarið. Árið 2019 komu fjögur mál inn á borð ÍBR en það sem af er árinu 2021 hafa 40 mál komið inn á borð þeirra. Algengast er að málin snúi að andlegu ofbeldi (25% mála) en þar einnig er um að ræða kynferðislegt ofbeldi (20%), kynferðislega áreitni (18%), líkamlegt ofbeldi (18%) og einelti (11%) og önnur mál. Varðandi úrlausn mála þá er algengast að faghópur ÍBR takið við málunum en einnig er málum vísað, eftir tilefni, til samskiptaráðgjafa og barnaverndar svo dæmi séu nefnd. Í faghóp ÍBR eru sálfræðingur, lögfræðingur, félagsráðgjafi, kynjafræðingur og barnasálfræðingur.

Pingsályktun um forvarnir meðal barna og ungmenna gegn kynferðislegu og kynbundu ofbeldi og áreitni


Í E-lið þingsályktunarinnar kemur fram að starfsfólk og sjálfbóðaliðar íþrótta- og æskulýðsstarfs og annars tómsundastarfs skuli hljóta fræðslu um kynferðislegt og kynbundið ofbeldi og áreitni og forvarnir sem hæfi iðkendum og öðrum þátttakendum. Stjórnendur íþrótta- og æskulýðsfélaga og annarra tómsundafélaga og listkennslu bera ábyrgð á fræðslunni.

Jafnframt segir að tryggja eigi að allt starfsfólk og sjálfbóðaliðar hljóti lágmarksfræðslu á netnámskeiði um barnavernd sem hannað var fyrir íþrótta- og æskulýðsstarf. Jafnframt verði hvatt til þess að íþrótta-, æskulýðs- og tómsundafélög nýti sér annað faglegt og gagnreynt fræðsluefni til að tryggja þekkingu og þjálfun starfsfólks

Íþróttastarf í Reykjavík

Forvarnagildi íþrótta er mikið ásamt því að rannsóknir hafa ítrekað sýnt fram á ýmsan jákvæðan ávinning af reglulegri hreyfingu og iðkun skipulagðra íþrótta. Íþróttaiðkun í gegnum ævina er því mikilvæg. Íþróttapátttaka barna og unglunga á Íslandi er almennt góð og hefur aukist á undanförunum áratugum. Samfélagslegt viðhorft til skipulagðs íþróttastarfs er einnig jákvætt og má segja að íþróttahreyfingin á Íslandi sinni uppeldisstarfi þegar kemur að skipulögðu íþróttastarfi barna og unglunga (Viðar Halldórsson, 2014; Viðar Halldórsson o.fl., 2015). Félagslegir þættir eins kyn og heimilisgerð hafa áhrif á íþróttapáttöku ungmenna (Inchley o.fl., 2017). Félagslegar hindranir geta valdið því að ákveðnir hópar hafi minni tækifæri til að taka þátt í skipulögu íþróttastarfi (Inchley o.fl., 2017; Viðar Halldórsson, 2014), og er íþróttapátttaka barna og ungmenna af tekjulágum heimilum minni en þeirra sem koma frá vel stæðum heimilum og einnig er þátttaka minni meðal innflytjenda (Elísabet Karlsdóttir & Erla Björg Sigurðardóttir, 2015; Viðar Halldórsson, 2014).

Þegar iðkanir¹ innan ÍBR eru skoðar fyrir árið 2019 má sjá að karlar eru 35% iðkana (n=16.424), drengir eru 28% (n=13.286), stúlkur eru 22% (n=10.327) og konur eru 15% iðkana (n=7.367). Stúlkur og konur eru því samtals 37% iðkana og drengir og karlar samtals 63% iðkana. Þessar tölur ná yfir 45 íþróttagreinir hjá 70 íþróttafélögum innan vébanda ÍBR.




Mynd 1. Iðkanir ÍBR árið 2019 eftir kyni og aldri (ÍSí).²

¹ Iðkun segir til um fjölda iðkana, en hver iðkandi getur verið iðkandi í mörgum greinum og einnig er mögulegt að vera með fleiri en eina iðkun innan sömu greinar ef iðkandi iðkar greinina með fleiri en einu félagi.

² Stúlkur og drengir = 17 ára og yngri; Konur og karlar = 18 ára og eldri

Þegar iðkun er skoðuð eftir aldri má sjá að þátttaka er mest á aldursbilunum 6-10 ára og 11-15 ára. Síðan fer að draga verulega úr iðkun. Kynjahlutfallið er jafnast meðal barna á aldrinum 1-5 ára. Á aldursbilinu 6-10 ára er íþróttaiðkun kynjanna nokkuð jöfn, 55% iðkana eru drengir og 45% stúlkur. Hlutfall stúlkna fer svo lækkandi með hækkandi aldri, og eru þær 42% af iðkunum á aldursbilinu 11-15 ára og 39% á aldursbilinu 16-20 ára. Lægst er hlutfall kvenna á aldursbilinu 36-40 ára en þá eru 27% iðkana konur.




Mynd 2. Iðkun eftir aldri og kyni innan ÍBR árið 2019 (ÍSí).

Árið 2019 var knattspyrna fjölmennasta íþróttagreinin innan ÍBR og þar á eftir koma fimleikar og handknattleikur (Tölfræði ÍSí árið 2019). Vinsælasta íþróttin hjá drengjum er knattspyrna, en 33% iðkana drengja árið 2019 var í knattspyrnu. Þar á eftir kom handknattleikur með 9% iðkana og körfubolti með 8% iðkana. Hjá stúlkum er vinsælasta íþróttin einnig knattspyrna, en 21% iðkana stúlkna var í knattspyrnu. Þar á eftir komu fimleikar með 15% iðkana og handbolti með 7% iðkana. Samkvæmt upplýsingum á heimasíðu ÍBR er hægt að æfa fimleika með fimm íþróttafélögum í Reykjavík. Það eru Ármann, ÍR, UMFK, Fylkir og Fjölirnir. Fótbolta er hægt að iðka hjá 26 íþróttafélögum í Reykjavík og handbolta hjá átta íþróttafélögum (Fram, ÍR, Valur, Víkingur, Þróttur, Fylkir, KR og Fjölirnir).

Í Reykjavík eru tvö íþróttafélög fyrir fatlað fólk, ÍFR og Öspin. Þar er boðið upp á ýmsar íþróttagreinar m.a. boccia, bogfimi, borðtennis, frjálsar íþróttir, knattspyrnu, lyftingar, hjólastólakörfubolta, sund, keilu, listhlaup og fimleika. Um fjögur hundruð iðkendur voru skráðir í íþróttir fatlaðs fólks innan vébanda ÍBR árið 2019³.


Á mynd 3 má sjá að kynjaskipting iðkana hjá börnum og ungmennum (17 ára og yngri) er nokkuð misjöfn eftir íþróttagreinum. Í knattspyrnu (vinsælasta íþróttin hjá drengjum og stúlkum), eru 67% iðkana drengir og stúlkur eru 33% iðkana. Í fimleikum, sem eru næst vinsælasta íþróttin hjá stúlkum á þessum aldri, er hlutfall drengja aðeins 25% og stúlkur 75% iðkana.

³ Í tölfræði ÍSí eru íþróttir fatlaðra sér flokkur og ekki er sundurgreint niður á íþróttagreinar líkt og gert er með íþróttir ófatlaðs fólks. Undir flokkinn tilheyra iðkendur sem iðka íþróttir innan aðildarfélaganna Íþróttasambands fatlaðra.



Mynd 3. Iðkun íþróttagreina innan íþróttahéraðs ÍBR - fimm vinsælustu íþróttirnar hjá börnum og ungmennum 17 ára og yngri, greint niður á kyn (ÍSí).

Fimm fjölmennustu íþróttagreinar innan íþróttahéraðsins ÍBR árið 2019 hjá einstaklingum 18 ára og eldri voru golf, knattspyrna, badminton, skotíþróttir og hestaíþróttir. Jafnt kynjahlutfall er í hestaíþróttum en í golfi og badminton er hlutfall kvenna af iðkunum um þriðjungur og fimmtungur í knattspyrnu.




Mynd 4. Iðkun íþróttagreina innan íþróttahéraðs ÍBR - fimm vinsælustu íþróttirnar hjá einstaklingum 18 ára og eldri, greint niður á kyn (ÍSí).

Frístundakort Reykjavíkurborgar

Reykjavíkurborg styrkir frístundastarf barna og unglunga á aldrinum 6-18 ára í gegnum Frístundakortið. Styrkurinn er 50.000 krónur á barn sem er hægt að ráðstafa til niðurgreiðslu á þátttöku- og æfingagjöldum. Frístundakortinu er ætlað að auka jöfnuð í samfélaginu og fjölbreytileika í iðkun íþrótta-, lista- og tómstundastarfsemi. Fjöldi og hlutfall þeirra barna og ungmenna sem nýta Frístundakortið er nokkuð breytilegt eftir hverfum borgarinnar (sjá mynd 5). Lægst hefur nýtingin verið í póstnúmerum 101, 102, 111 og 116 þegar kemur að því að stunda íþróttir eða líkamsrækt. Árið 2019 voru aðeins 40% barna sem nýttu frístundakortið til niðurgreiðslu á æfingagjöldum í póstnúmeri 111

(Breiðholt). Í póstnúmerum 101 og 102 (Miðbær og Vatnsmýri) var hlutfallið einnig lágt miðað við önnur hverfi, eða 46%. Í póstnúmeri 116 (Kjalarnes) var nýtingin 53%. Í öðrum hverfum borgarinnar er nýtingin hærrí, eða á bilinu 61-77%.



Mynd 5. Fjöldi og hlutfall barna og unglínga (6-18 ára) sem stunda íþróttir eða líkamsrækt, eftir póstnúmeri (Frístundakort Reykjavíkur, 2019).⁴

Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkurborgar vinnur eftir kynjaðri fjárhags- og starfsáætlun Reykjavíkurborgar. Ýmis verkefni hafa verið unnin sem tengjast þeirri innleiðingu. Í skýrslu sem unnin var um frístundakortið út frá kynjaðri fjárhags- og starfsáætlanagerð kemur fram að fjöldi drengja í skipulögðu íþróttastarfi sem styrkt er af Reykjavíkurborg er 33% meiri en fjöldi stúlkna. Einnig kemur fram að strákar á aldrinum 6-18 ára stunda fleiri íþróttagreinar en stelpur á sama aldri. Í skýrslunni kemur jafnframt fram að boltagreinar eru fjölmennastar og áberandi flestir iðkendur eru í fótbolta. Í skýrslunni má jafnframt sjá að vinsælasta greinin hjá stelpum er fimleikar á meðan fótbolta er vinsælastur hjá strákum (Ásdís Ásbjörnsdóttir o.fl., 2012). Árið 2016 var birt skýrsla um hvort styrkir Reykjavíkurborgar stuðli að jöfnum möguleikum kynjanna hjá Reykjavíkurborg. Þegar dreifing styrkja íþrótt- og tómsundasviðs er greind eftir kyni kemur í ljós að meðalstyrkur á hvern karlkyns iðkanda er 13,8% hærrí en meðalstyrkur á hvern kvenkyns iðkanda (Íþrótt- og tómsundasvið Reykjavíkurborgar, 2016).

Af ofangreindri umfjöllun má sjá að ólík staða kynjanna og annarra hópa í íþróttum er margþætt úrlausnarmál. Til að vinna að auknu jafnrétti í íþróttum þarf m.a. að:

- Auka þátttöku kvenna og jaðarsettra hópa í íþróttum
- Hafa kynja- og jafnréttissjónarmið í huga við alla ákvarðanatöku og stefnumótun
- Auka fjölbreytileika í þjálfunarstöðum
- Auka fjölbreytileika í stjórnnum og stjórnunarstöðum innan íþróttahreyfingarinnar
- Koma í veg fyrir og uppræta kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni í og í kringum íþróttir
- Vinna gegn staðalímyndum um hlutverk kynjanna í íþróttum og í umfjöllum um íþróttir
- Auka hlutdeild kvenna í fjölmiðlaumfjöllun um íþróttir
- Skoða hvort það eru einhver gildi eða norm við líði í stofnanamenningunni eða skipulaginu sem viðhalda mismun milli kynja og annarra hópa

⁴ Tölurnar innihalda iðkendur á aldrinum 6-18 ára sem nota frístundastyrk Reykjavíkurborgar til greiðslu a.m.k. hluta æfingagjalda og eru með skráð heimili í þjóðskrá í viðkomandi póstnúmeri.

Reykjavíkurborg hefur sett sér stefnu í íþróttamálum til ársins 2030. Ein af fimm áherslum í stefnunni er að öll börn og unglingar hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu eða aðgengilegu íþróttastarfi. Einnig er lögð áhersla á skipulagða umgjörð, gott samstarf og stuðning við öflugt og faglegt starf íþróttafélaga.

Úr stefnu borgarinnar í íþróttamálum

- Öll börn og unglingar hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi án tillits til uppruna, þjóðernis, efnahags, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífs-, stjórn mála-skoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. Huga þarf sérstaklega að stuðningi við börn efnaminni foreldra og tryggja fræðslu til þjálfara til að mæta stuðningsþörfum ólíkra barna. Fötluoð börn njóti sérstaks stuðnings og fái sömu tækifæri og önnur börn til að stunda skipulagðar íþróttir. Tryggt verði að transbörn geti stundað íþróttir til jafns við önnur börn.
- Íþróttastarf í Reykjavík er fjölbreytt og nauðsynlegt er að hægt sé að nálgast upplýsingar og yfirsýn um hvaða íþróttagreinar og aðstaða er í boði. Kynningarefnið skal vera á ólíkum tungumálum og taka mið af öllum kynjum, innflytjendum, fötluðu fólki og öllum aldurshópum
- Börn þurfa að hafa aðgang að íþróttastarfi í sínu nærumhverfi þar sem þau geta sjálf sótt starfið og verið með vinum og félögum. Starfið þarf að vera opið fyrir alla og þau börn sem þurfa stuðning þurfa að fá hann. Til að tryggja gott framboð íþróttagreina í hverju hverfi þarf jafnframt að auka framboð íþróttar í ákveðnum hverfum borgarinnar og tryggja að þau sérgreinafélög sem bjóða fram þjónustu fyrir börn og unglinga séu staðsett á stöðum sem eru nálægt greiðum almenningssamgöngum
- Mikilvægt er að upplýsingar um frístundakortið og framboð íþróttastarfs berist foreldrum barna og unglinga með skýrum hætti. Upplýsingarnar verði aðgengilegar á íslensku, ensku, pólsku og fleiri málum, séu einnig settar fram á auðlesnu máli til að tryggja að skilaboðin nái til sem flestra.
- Stuðningur og þátttaka foreldra er mikilvægur fyrir börn og unglinga til að börn og unglingar ílengist í íþróttastarfi. Eflir það tengsl barna og foreldra ásamt því að styrkja félagsleg tengsl þeirra. Íþróttahreyfingin reiðir sig mikið á þátttöku foreldra í starfsemi sinni og er hún því einnig mikilvægur hlekkur í allri keðjunni. Sérstaklega mikilvægt er að fá foreldrar barna sem eru með annað móðurmál en íslensku til þátttöku í starfinu til að þau tengist betur nærsamfélaginu. Einnig þarf að leggja sérstaklega áherslu á að ná til foreldra fatlaðra barna.
- Styrkir Reykjavíkurborgar til íþróttastarfs byggjast á viðurkenningu á að íþróttastarf sé mikilvægt sem forvörn og að þátttaka í íþróttum er mikilvægur hluti af félagsstarfi og þroskaferli einstaklinga. Til að tryggja að starf íþróttafélaganna sé í þeim anda þarf að gera kröfur til þeirra til móts við það framlag sem borgin veitir. Gerð er krafa um að öll félög verði með virkar siðareglur, eineltis- og jafnréttisáætlanir, sem og áætlanir um viðbrögð við hvers kyns ofbeldi.

Aðdragandi úttektarinnar

Mannréttinda- nýsköpunar og lýðræðisráð samþykkti á fundi sínum þann 14. janúar 2021 að á árinu fari fram jafnréttisúttekt á Íþróttafélagi Reykjavíkur, Knattspyrnufélaginu Fram og Knattspyrnufélaginu Víkingi. Þegar hafa verið gerðar sambærilega úttektir á Ungmennafélaginu Fjölni, Knattspyrnufélaginu Þrótti, Knattspyrnufélagi Reykjavíkur, Glímufélaginu Ármann, Íþróttafélaginu Fylki og Knattspyrnufélaginu Val. Með þessari úttekt er þá búið að ljúka jafnréttisúttekt á öllum hverfisíþróttafélögum í Reykjavík. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu var falið að vinna úttektina. Úttektin er unnin með sambærilegum hætti og fyrri úttektir. Í henni er skoðað hvort félögin séu með virkar jafnréttisáætlanir og siðareglur, kynjahlutfall iðkenda og skipting fjármagns á milli kynjanna innan félaganna er skoðað. Einnig er skoðað hversu aðgengilegar jafnréttisáætlanir félaganna eru og hvort þær séu kynntar fyrir starfsfólki, iðkendum og forsjáraðilum iðkenda undir 18 ára og þá hvernig. Jafnframt er sjónum beint að þátttöku þeirra hópa sem mannréttindastefnan nær til. Undir það fellur að skoða þátttöku stúlkna og drengja, kvenna og karla, þátttöku hinsegin fólks, fólks af erlendum uppruna og fatlaðs fólks.

Fyrri jafnréttisúttektir mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar á hverfisíþróttafélögum (2016; 2020) hafa m.a. leitt í ljós að vinna þurfi gegn staðalmyndum og stuðla að fræðslu um mannréttindi og margbreytileika hjá hverfisíþróttafélögum borgarinnar. Einnig benda fyrri úttektir til þess að jafnréttisstefnur séu ekki aðlagðar að starfsemi hvers íþróttafélags fyrir sig og séu að einhverju leiti óvirkar, þ.e.a.s. að þeim sé ekki nægjanlega vel fylgt eftir.

Úttekt þessi er unnin í góðri samvinnu við félögin sem eru í úttektinni og þakkar Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa félögunum kærlega fyrir þeirra framlag. Þetta er leiðbeinandi úttekt og gafst félögunum tækifæri til að bregðast við ýmsum ábendingum á meðan á úttektinni stóð.

Tímasetning úttektarinnar er eilítið frábrugðin fyrri úttektum þar sem heimsfaraldur kórónuveirunnar geisaði á úttektartímabilinu og sóttvarnarráðstafanir og samkomutakmarkanir hafa haft mikil áhrif á starfsemi félaganna.

Fyrri jafnréttisúttektir

- Úttekt á jafnréttismálum innan íþróttafélaga Reykjavíkur (2011) – [hér](#)
- Jafnréttisúttekt á þremur hverfisíþróttafélögum í Reykjavík (2016) – [hér](#)
- Jafnréttisúttekt á þremur íþróttafélögum í Reykjavík (2020) - [hér](#)

Grundvöllur úttektarinnar

Í stefnu Reykjavíkurborgar í íþróttamálum til ársins 2030 kemur fram að framtíðarsýnin sé að sem flestir Reykvíkingar stundi reglulega íþróttir, líkamsrækt eða aðra hreyfingu. Þar kemur einnig fram sú áhersla að öll börn og unglingar hafi tækifæri til að þroskast og eflast í fjölbreyttu og aðgengilegu íþróttastarfi, óháð öllu sem getur ýtt undir mismunun.

Í samningi sem er í gildi á milli Reykjavíkurborgar og Íþróttabandalags Reykjavíkur (ÍBR) eru gerðar kröfur til íþróttafélaganna sem fela í sér að öll hafi jöfn tækifæri til að stunda íþróttir hjá félögunum óháð hvaða hópi þau tilheyra. Markmið borgarinnar með samningnum er að fylgja mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og mismuna ekki borgarbúum. Félögin fá frá Reykjavíkurborg, í gegnum ÍBR, fjármuni til að sinna starfi sínu eftir ákveðnum reglum sem settar eru þar um. Grein samningsins sem mestu skiptir í þessu sambandi er eftirfarandi:

ÍBR og íþróttafélögin skulu sjá til þess að allir njóti jafna tækifæra til að stunda og starfa við íþróttir án tillits til uppruna, þjóðernis, stéttar, tungumáls, litarháttar, trúarbragða, lífsskoðana, stjórnmalaskoðana, trúleysis, kyns, kynhneigðar, kynvitundar, kyntjáningar, kyneinkenna, aldurs, fötlunar, holdafars, líkamsgerðar, heilsufars, atgervis eða annarrar stöðu. ÍBR og íþróttafélögin eiga einnig að tryggja öryggi og velferð iðkenda og annarra sem að íþróttastarfinu koma. Þau skulu hafa virka jafnréttisstefnu og aðgerðaráætlun til að fylgja eftir stefnunni. ÍBR og íþróttafélögin skulu fylgja siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍBR, m.a. reglum til að sporna við kynferðislegri áreitni og kynferðislegu ofbeldi í íþróttum, siðareglum og hegðunarviðmiðum ÍSÍ og mannréttinda- og forvarnarstefnu Reykjavíkurborgar.

Íþróttafélögin skulu bjóða upp á fjölbreytt starf og móti sér verkferla við móttöku á iðkendum af erlendum uppruna. Hverfisfélög skulu setja sér markmið um að hlutfall barna af erlendum uppruna í iðkendahóp endurspegli íbúasamsetningu hverfisins.

Samkvæmt styrkjareglum Reykjavíkurborgar skulu styrkþegar hafa kynnt sér styrkjareglur, siðareglur og verkferla og mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og fylgja þeim við framkvæmd hins styrkta verkefnis.

(13. gr. samnings ÍTR, ÍBR og íþróttafélaga)

Þá er að lokum vert að nefna að það hvílir einnig lagaleg skylda á íþróttafélögum skv. lögum nr. 150/2020 um jafna stöðu og jafnan rétt kynjanna. Samkvæmt lögnum skal í íþrótt- og æskulýðsstarfi gætt að samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða við alla stefnumótun og áætlanagerð (15. gr.). Þá er einnig bann við hvers konar mismunun á grundvelli kyns og er skylt að gæta þessa í námi, kennslu, þjálfun, starfsháttum og daglegri umgengni við iðkendur. Þá skal jafnframt gæta þess að iðkandi sé ekki látinn gjalda þess að kæra kynbundna eða kynferðislega áreitni eða kynjamismunun (21. gr.). Þá er börnum einnig tryggð sérstök vernd gegn kynferðislegri misnotkun og hvílir lagaleg skylda á íþróttafélögum um að gera kröfu um hreint sakavottorð hjá starfsfólki og sjálfboðaliðum.

Sakavottorð

- Samkvæmt lögum nr. 64/1998 er óheimilt að ráða einstaklinga til starfa hjá aðilum sem falla undir íþróttalög, og sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri í íþróttastarfi, sem hlotið hafa refsidóm vegna brota á ákvæðum XXII. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940.
- Yfirmenn þeirra sem falla undir íþróttalög og sinna íþróttastarfi eiga rétt til upplýsinga úr sakaskrá um hvort tiltekinn einstaklingur sem sótt hefur um starf við að sinna börnum og ungmennum undir 18 ára aldri hefur hlotið dóm vegna brota sem 1. mgr. tekur til að fengnu samþykki hans.
- Þetta á einnig við um einstakling sem hyggst taka að sér sjálfboðaliðastarf.


Framkvæmd

Tölvupóstur var sendur á framkvæmdastjóra og formenn félaganna þann 17.mars 2021. Í tölvupóstinum var úttektin kynnt ásamt því að spurningarlisti fylgdi með. Félögin voru í kjölfarið boðuð á fund með framkvæmdaraðilum ásamt fulltrúum ÍBR. Fundur með félögum fór fram rafrænt þann 24. mars 2021. Þar var úttektin kynnt og farið yfir niðurstöður fyrri úttekta. Farið var yfir ferlið, spurningarnar og önnur hagnýt atriði. Félögin fengu rúman frest til að skila svörum af sér, eða um 4 vikur. Úttektaraðilar fóru yfir svörin frá félögum og unnu úr þeim. Ásamt því að styðjast við svörin sem bárust frá forsvarsfólki félaganna þá var upplýsinga aflað á heimasíðum félaganna og töluleg gögn um iðkendur fengust hjá ÍBR. Í kjölfarið áttu fulltrúar mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu fund með fulltrúum hvers félags fyrir sig þar sem farið var yfir stöðuna og skipst á upplýsingum.

Niðurstöður

Niðurstöðurnar byggja á svörum sem bárust frá félögum sjálfum, og því að stórum hluta um sjálfsmat að ræða. Úttektaraðilar hafa ekki tök á að sannreyna öll gögn eða svör, en beittu gagnrýnni hugsun við úrvinnslu svara ásamt því að skoða efni á heimasíðum félagsins. Ávinningur úttektarinnar fyrir félögin er að þau fá tækifæri til að leggjast í smá sjálfsrýni auk þess að fá upplýsingar um styrkleika og veikleika sína á sviði jafnréttis- og mannréttindamála. Úttektin er leiðbeinandi og gefst félögum tækifæri til bregðast við, ásamt því að starfsfólk mannréttinda- og lýðræðisskrifstofu Reykjavíkurborgar er reiðubúið til að veita aðstoð. Ávinningur borgarinnar felst í tækifæri til að eiga samtalið við fulltrúa íþróttafélaganna, fylgja eftir stefnu borgarinnar í íþróttamálum og stuðla að því að öll börn, af öllum kynjum, hafi sama aðgengi að íþróttum.

Heildarskipting iðkenda á aldrinum 6-30 ára í öllum þremur íþróttafélögum í úttekt þessari er með þeim hætti að 66% iðkenda eru karlkyns og 34% iðkenda kvenkyns. Lágt hlutfall iðkenda er með erlent þjóðerni samkvæmt Nóri kerfinu. Um 4% drengja og 3% stúlkna í félögum þremur eru með erlent þjóðerni.



Mynd 6. Iðkendur félaganna á aldrinum 6-30 ára eftir kyni (Nóri).⁵


⁵ Samkvæmt upplýsingum frá ÍBR er lítið að marka iðkendatölur fyrir 18 ára og eldri í Nóra skráningarkerfinu og því ber að taka þeim með fyrirvara.

Knattspyrnufélagið Fram

Fram býður upp á fótbolta, handbolta, skíði, taekwondo og almenningsíþróttir (skokk, ganga, leikfimi, blak). Einnig er starfræktur íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 18 mánaða til fimm ára. Félagið er með starfsemi í Safamýri og Úlfarsárdal og þjónar því bæði Safamýri, Grafarholti og Úlfarsárdal, eða póstnúmerum 103, 108 og 113. Fyrirhugaðar eru breytingar á hverfaskiptingu íþróttafélaga, þar sem Víkingur mun taka yfir það hverfi sem nú tilheyrir Fram í Safamýrinni og Fram flyst þá alfarið upp í Úlfarsárdal.


Iðkendur

Samkvæmt gögnum úr iðkendakerfinu Nóri þá voru 1.392 iðkendur á aldrinum 6-30 ára skráðir hjá Fram árið 2020. Um 70% iðkenda eru karlkyns og 30% kvenkyns. Knattspyrnudeildin er fjölmennust og þar á eftir kemur handknattleiksdeildin.




Mynd 7. Fjöldi skráðra iðkenda á aldrinum 6-30 ára í Fram árið 2020, eftir kyni og íþróttagrein (Nóri).

Kynjahlutföll iðkenda eru jöfnust meðal yngri iðkenda. Stúlkur eru 39% iðkenda á aldrinum 6-9 ára en aðeins 25% iðkenda á aldrinum 10-13 ára eru stúlkur.



Mynd 8. Fjöldi skráðra iðkenda hjá Fram árið 2020, eftir aldursbili og kyni (Nóri).⁶

Þegar kynjahlutföll iðkenda á aldrinum 6-17 ára eru skoðuð eftir íþróttagreinum má sjá að hlutfall stúlkna er hvað lægst í knattspyrnu (21%) og taekwondo (25%). Jöfnust eru kynjahlutföllin í handbolta en þar eru 58% iðkenda drengir og 42% iðkenda stúlkur. Vinsælasta greinin hjá stúlkum á aldrinum 6-17 ára er handbolti, en 50% stúlkna sem eru skráðar hjá félaginu æfa handbolta. Vinsælasta greinin hjá drengjum á sama aldri er knattspyrna, en um helmingur skráðra drengja hjá félaginu æfir knattspyrnu.



Mynd 9. Kynjahlutföll iðkenda í Fram á aldrinum 6-17 ára eftir íþróttagrein (Nóri).⁷

Samkvæmt svari félagsins þá er gætt að því að fjöldi æfingatíma sé sá sami fyrir stúlkur og drengi í sama flokki, farið sé eftir þeim viðmiðum sem ÍBR gefur út varðandi æfingamagn. Stúlkna- og drengjaflokkar æfa við sömu aðstæður og á jafn góðum tímum. Yngri flokka starfi er raðað eftir aldri, yngstu

⁶ Samkvæmt upplýsingum frá ÍBR er lítið að marka iðkendatölur fyrir 18 ára og eldri í Nóra skráningarkerfinu og því ber að taka þeim með fyrirvara.

⁷ Undir almenningsíþróttir eru skráðir iðkendur 11 ára og yngri en þar undir falla t.d. sumarskóli, sumargaman og íþróttaskóli fyrir börn í 1. og 2. bekk

iðkendurnir æfa fyrr um daginn, í beinu framhaldi af frístund, og svo koll af kolli. Stundum þurfi einnig að miða æfingátíma út frá því hvað hentar þjálfara, sem getur í einhverjum tilvikum haft áhrif á úthlutun tíma. Yngri flokkar nota sambærilega klefa, en ágreiningur hefur verið um klefa hjá eldri flokkum félagsins. Því miður er aðstaðan þannig að ekki eru nógu margir klefar, en það stendur til bóta þegar nýtt húsnæði félagsins verður tilbúið. Verðlaun eru eins óháð kyni, og í raun hefur verið horfið svolítið frá þessum hefðbundnu verðlaunaveitingum.

Leikir karla- og kvennaliða eru auglýstir með sama hætti. Styrktaraðilar eru sameiginlegir. Aðalstjórn heldur sérstök karla- og kvennakvöld árlega, í gegnum tíðina hefur það verið þannig að ágóðinn af karlakvöldinu fer til aðalstjórnar sem styrktir svo allar deildir jafnt, en ágóðinn af kvennakvöldinu hefur runnið til ákveðins kvennaliðs félagsins. Einnig halda deildir eigin styrktarkvöld. Aðalstjórn sér um úthlutun afreksstyrkja en þeir eru veittir til deilda en ekki einstaka iðkenda.

Lögð er áhersla á það við kostunar- og samstarfsaðila að ekki sé hægt að styrkja einstaka flokka, heldur aðeins félagið eða deildir í heild. Einstaka flokkar safna þó stundum fyrir sérstökum verkefnum, t.d. keppnisferðum. Aðalstjórn úthlutar fjármagni til deilda með afreksstarf, ekki til einstakra flokka. Sama upphæð fer til deildanna, óháð stærð þeirra. Deildirnar sjálfar eiga að sjá til þess að fjármunum sé rétt deilt út og að gætt sé samræmis milli kynja. Rekstur yngri flokka er sérrekstur og stendur undir sér sjálfur, aðalstjórn úthlutar því ekki styrkjum þangað.


Samkvæmt svari félagsins er passað vel upp á að allir njóti jafnréttis í úthlutun fjármuna. Aðalstjórn hefur einnig tekið að sér að halda utan um og styrkja einstaka verkefni tímabundið. Sem dæmi má nefna meistaraflokk kvenna í fótbolta sem aðalstjórn sá um að koma í gang og tryggja rekstur til þriggja ára, síðan verður reksturinn færður til knattspyrnudeildar. Aðalstjórn hefur undanfarin þrjú ár greitt fyrir sem samsvarar einni styrktaræfingu á viku fyrir hvern flokk fyrir iðkendur 15 ára og eldri. Ráðinn var inn styrktarþjálfari og osteópati til að sjá um styrktarþjálfun og meðferð iðkenda, 15 ára og eldri. Einnig hafa deildir ráðið inn sjúkraþjálfara og styrktarþjálfara.

Félagið gætir þess að í öllu efni og kynningum séu fyrirmyndir bæði karlar og konur, sem og yngri iðkendur. Alla jafna nota þau meira þá flokka sem eru að standa sig vel hverju sinni, og undanfarin ár hefur það t.d. verið meistaraflokkur kvenna í handbolta.


- **Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa vill benda á að þetta gæti verið varhugaverð nálgun, þar sem komið geta tímabil þar sem annaðhvort ákveðið karlalið eða kvennalið stendur sig vel, og þá styrkir þetta ímynd þess liðs og færir athyglina þangað, mögulega á kostnað annarra liða sem verða þá ekki jafn eftirsóknarverð.**

Starfsfólk og stjórnir

Á heildina litið er 65% stjórnarmeðlima hjá félaginu karlar og 35% konur. Aðeins 6% stjórnarmeðlima eru af erlendum uppruna. Þá eru karlar einnig fjölmennari meðal stjórnarformanna, en 33% stjórnarformanna eru kvenkyns. Í aðalstjórn félagsins sitja sex karlar og tvær konur. Formaður aðalstjórnar er karl. Í stjórn knattspyrnudeildar er nokkuð jafnt kynjahlutfall, en þar sitja þrjár karlar og fjórar konur. Í fimm af sex stjórnnum innan félagsins eru engir stjórnarmeðlimir af erlendum uppruna.




Mynd 10. Fjöldi stjórnarmeðlima í Fram eftir kyni.




Mynd 11. Fjöldi stjórnarmeðlima í Fram eftir uppruna.

Hjá Fram starfa níu manns, sjö karlar og tvær konur. Hjá félaginu eru um 67 þjálfarar, 69% þeirra eru karlar og 31% konur. Í fótbolta, sem er fjölmennasta greinin hjá Fram eru konur aðeins 24% þjálfara. Næst fjölmennasta greinin er handbolti, og þar eru konur 33% þjálfara.



Mynd 12. Fjöldi starfsfólks og þjálfara Fram eftir kyni.

Af starfsfólki Fram eru þrjú sem eru innflytjendur, eða 33% starfsfólks. Meðal þjálfarar félagsins eru eru þrír innflytjendur eða 4% þjálfara. Ekki liggur fyrir samsetning í foreldrafélögum eða meðal sjálfboðaliða en samkvæmt svari félagsins eru innflytjendur ekki fjölmennir í þeim hópi.



Mynd 13. Fjöldi starfsfólks og þjálfara Fram eftir uppruna.

Samkvæmt svörum félagsins þá fær starfsfólk sömu laun fyrir sömu eða sambærileg störf. Almennt starfsfólk fer árlega í launaviðtal. Hver deild sér um að semja við sína þjálfara. Laun þjálfara fara almennt eftir menntun, reynslu og aldri flokka. Ef flokkar eru fjölmennir eru ráðnir fleiri þjálfarar. Þjálfarar fá sambærileg laun óháð því hvort verið sé að þjálfar kvenna- eða karlalið. Í einhverjum tilvikum eru tveir aldurshópar sameinaðir í einn flokk, sem felur í sér að viðkomandi þjálfarar þurfa að fara á helmingi fleiri helgarmót en þjálfarar annara flokka sem getur falið í sér aukagreiðslur vegna meiri viðveru og vinnu. Samningar um hlunnindi eða símenntun þjálfara eru almennt eins. Stundum semja þjálfarar sérstaklega um endurmenntun en almennt eru þjálfarar hvattir til að nýta sér endurmenntun og greiðir félagið fyrir þau námskeið.

Varðandi sakavottorð hefur félagið nýlega tekið upp það verklag að kalla eftir sakavottorðum skv. leiðbeinandi verklagi frá ÍSí. Samkvæmt svari félagsins er gjarnan haft samband við fyrri vinnuveitendur varðandi meðmæli, sér í lagi þegar verið er að ráða þjálfara fyrir yngri flokka félagsins.

Samkvæmt félaginu þá hefur verið reynt að jafna ójöfn kynjahlutföll í stjórnnum félagsins. Konur innan félagsins hafa verið hvattar til að taka sæti í stjórnnum og einnig hafa verkefni stjórnna verið skilgreind og afmörkuð betur, sem hefur haft þau áhrif að betur gengur að fá einstaklinga til að taka að sér ákveðin verkefni. Þá hefur verið áhersla á að fá fólk úr nýja hverfi félagsins, Grafarholti og Úlfarsárdal, til að taka þátt í stjórnnum. Samkvæmt svari félagsins kemur sjaldan til þess að kjósa þurfi í stjórn, alla jafna er áskorun að finna fólk til að taka sæti. Ef til kosninga kemur þá er það leynileg kosning skv. lögum félagsins. Á fundi með félaginu kom fram að konur væru virkar í barna- og unglingaráðum.

Jafnréttisstefna

Jafnréttisstefna Fram er aðgengileg á heimasíðu félagsins, leiðin að henni er félagið > siðamál > jafnréttisstefna. Stefnan var samþykkt á fundi aðalstjórnar í nóvember 2020 og gildir fyrir tímabilið 2020-2021. Stefnunni fylgir aðgerðaáætlun, sem byggir á formi ÍBR. Jafnréttisstefnan nær til iðkenda, þjálfara, stjórnna og starfsfólks og gildir í allri starfsemi félagsins. Samkvæmt svari félagsins setti Fram sér jafnréttisstefnu árið 2002 samhliða því að félagið gaf út íþróttanámskrá. Jafnréttisstefnan hefur tekið miklum breytingum síðan og hefur verið uppfærð reglulega (alls fimm sinnum). Á árunum 2019-2020 fór félagið í stefnumótunavinnu þar sem stefnur félagsins voru uppfærðar og endurbættar. Settur var saman hópur úr öllum deildum og markmiðið var að gera “velferðaráætlun” fyrir félagið. Aðgerðaætlun hefur fylgt með jafnréttisstefnunni frá árinu 2013. Samkvæmt svari frá félaginu er farið árlega yfir aðgerðalistann og merkt við hvernig staðan er hverju sinni. Ekki hefur verið gerð árleg skýrsla.

Þá hefur félagið einnig fylgt vinnu ÍBR í jafnréttismálum að eigin sögn og skilar jafnréttisstefnu sinni árlega til ÍBR.

Félagið viðurkennir að þau mættu vera duglegri við að kynna jafnréttisstefnuna og aðra stefnumótun félagsins. Stefnurnar eru kynntar árlega á fundum og hafa verið sendar í tölvupósti til forráðamanna iðkenda. Ekki liggur fyrir hversu vel það hefur skilað sér.


Siðareglur og hegðunarviðmið

Siðareglur og hegðunarviðmið hafa verið sett og eru aðgengileg á heimasíðu félagsins undir félagið > siðareglur. Hegðunarviðmið eru sett fyrir tiltekna hópa þ.e.a.s. hegðunarviðmið fyrir þjálfara, fyrir iðkendur, fyrir stjórnarmenn og starfsfólk og fyrir foreldra/forsjálara. Siðareglurnar voru samþykktar í aðalstjórn í mars 2021. Siðareglur og hegðunarviðmið voru kynnt á aðalfundum deilda sama vor. Áætlað er að þjálfarar skrifi undir hegðunarviðmið þegar þau skrifa undir samninga við félagið. Félagið er meðvitað um að þetta þurfi að kynna fyrir öðrum í félaginu, en vinnan er ekki komin lengra en þetta eins og er.

Samkvæmt svari félagsins þá fylgja þau þeim leiðbeiningum sem ÍBR hefur sett fram um forvarnir, viðbrögð og verkferla vegna kynferðislegs ofbeldis og áreitni. Þessir verkferlar hafa verið kynntir fyrir starfsfólki og aðalstjórn félagsins. Félagið fagnar þessari vinnu og telur að það sé mikilvægt að geta leitað strax til fagsfólks varðandi úrlausn mála ef upp koma mál af þessum toga.

Iðkendur af erlendum uppruna

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru innflytjendur⁸ 23% íbúa í Háaleiti, 20% í Úlfársdal og 8% í Grafarholti árið 2019. Á sama tíma var hlutfall innflytjenda í Reykjavík allri 19%.



Mynd 14. Hlutfall innflytjenda í Grafarholti, Úlfársdal og Háaleiti og Reykjavík í heild árið 2019 (Hagstofan).

Samkvæmt tölum úr iðkenda kerfinu Nóra fyrir árið 2020 þá eru 3% iðkenda Fram á aldrinum 6-17 ára skráð með erlent þjóðerni. Kynning á starfsemi félagsins til innflytjenda fer helst í gegnum skólana. Félagið er í góðu samstarfi við hverfissskólana, sér í lagi Álftamýrar- og Hvassaleitisskóla. Aðili frá félaginu hefur hitt iðkendur og/eða forsjáraðila til að kynna hvað er í boði og fara í gegnum ferlið með þeim. Þeim er fylgt á æfingu eða þjálfarar fengnir til að taka á móti þeim. Einnig hefur félagið dreift bæklingum o.þ.h. en telja þá nálgun ekki hafa hjálpað við að ná til innflytjenda. Félagið hefur dreift gögnum til námsráðgjafa og móttökustjóra barna af erlendum uppruna í skólunum, en það efni er á íslensku. Lítið hefur verið um að efni sé þýtt yfir á önnur tungumál. Fótboltadeildin notar Sportabler appið og þar geta notendur valið um tungumál. Heimasíða félagsins er eingöngu á íslensku.

Félagið er meðvitað um hlutverk sitt þegar kemur að því að gera innflytjendur virka í samfélaginu og vilja þjóna öllum íbúum í hverfinu eins vel og mögulegt er. Félagið hefur aðstoðað með að útvega búninga og gefa eftir æfingagjöld ef þess er þörf.

- **Mikilvægt er grunn upplýsingar á ensku og pólsku séu aðgengilegar á heimasíðum félaganna og þar sé einnig tekið fram hvaða aðstoð er í boði og hvernig sé hægt að nálgast hana. Þá er einnig æskilegt að mikilvægar upplýsingar sem eru sendar til barna séu einnig í boði á öðrum tungumálum, a.m.k. ensku.**

Hinsegin iðkendur

Samkvæmt svari félagsins er klefi sem hægt er að nýta fyrir fólk sem einhverra hluta vegna vill ekki vera í karla- eða kvennaklefa (t.d. trans fólk). Ekki hefur farið fram hinsegin fræðsla, en félagið hefur sent kveðju á hinsegin dögum og t.d. gert merki félagsins í regnbogalitum og birt mynd af meistaraflokkum með regnbogafánann. Ekki hefur verið tenging milli félagsins og Tjarnarinnar, félagsmiðstöðvar hinsegin ungmenna, eða Samtakanna 78. Ekki hefur reynt á það að hinsegin iðkendur fái stuðning innan félagsins en í svari félagsins kemur fram að hjá þeim eru starfandi samkynhneigðir þjálfarar og almennt reyni þau að styðja alla sína iðkendur.

⁸ Innflytjendur, fyrsta og önnur kynslóð

Fatlaðir iðkendum

Samkvæmt svari félagsins mætti aðgengi að búningaklefum fyrir fatlaða iðkendum vera betra, en engin sér aðstaða er fyrir fatlað fólk í búningaklefum. Ef fatlaður iðkandi er með aðstoðarmanneskju með sér er gert ráð fyrir að sérklefi sé notaður.

Félagið veitir sjálft ekki sérstakan stuðning við fatlað fólk en þau eru velkomin svo lengi sem þau geta verið í því skipulagða starfi sem er til staðar. Hjá Fram æfa um 30 fatlaðir strákar fótbolta og félagið gerði tilraun til að setja á laggirnar fótbolta fyrir fatlaðar stelpur í samstarfi við íþróttafélag fatlaðra og KSÍ. Því miður stóð það einungis í stuttan tíma. Félagið segir að eins og er geti þau ekki tekið við fleiri iðkendum í þennan hóp.

Fatlaðir iðkendum hafa ekki verið sýnilegir í kynningarefni félagsins en samkvæmt svari félagsins er áhugi fyrir að kynna þennan hóp sérstaklega og gera þeim hátt undir höfði.

Efnahagur

Starfræktur var íþróttasjóður hjá Fram þar sem hægt var að sækja um endurgreiðslu vegna barna sem æfðu tvær eða fleiri íþróttagreinar hjá félaginu. Sá sjóður var nýlega lagður niður þar sem félaginu fannst það vera að endurgreiða fólki sem þurfti ekki endilega á því að halda. Nýtt fyrirkomulag er á þann veg að hægt er að sækja um styrk sem ber heitið „aðstoð frá Knattspyrnufélaginu Fram“. Sá styrkur er ekki háður því að stunda tvær eða fleiri greinar heldur getur hver sem er sótt um. Félagið óskar eftir umsóknunum og ábendingum.

Samkvæmt svari félagsins er góð samvinna milli félagsins og skóla, leikskóla, frístundarheimila og þjónustumiðstöðvar í hverfunum.

Félagið segir að efni um þennan styrk sé aðgengilegt á heimasíðunni, en úttektaraðila tókst ekki að hafa upp á því. Einnig er heimasíðan eingöngu á íslensku. Samkvæmt svari félagsins hefur þessi stuðningur mikið farið fram sem maður á mann í gegnum skólana. Félagið sé mjög sveigjanlegt með æfingagjöld fyrir efnaminni hópa.

Umhverfi og fræðsla

Fræðsluáætlun félagsins er í endurnýjun samkvæmt svari félagsins og áætlað að hún verði kynnt á haustfundum félagsins. Þá þurfi að kynna þetta eins vel og mögulegt er, og kynna þetta fyrir iðkendum og forráðafólki. Félagið segir að deildirnar hafi verið að kalla eftir betri og meiri upplýsingum frá þeim og verið sé að bregðast við þeirri ósk.

Í kjölfar #metoo bylgjunnar skapaðist mikil umræða innan félagsins og kröfur um úrbætur og skýrari vinnureglur. Því var farið í endurskoðun á ýmsu efni. Ljóst var að skýrar reglur og verklag þyrfti að vera til staðar til að taka á málum þegar þau kæmu upp. Félagið horfði einnig til þess efnis sem kom frá ÍBR, UMFÍ, ÍSÍ, sérsamböndum og fleiri aðilum.

Félagið segir að með tilliti til fjölbreytileika þá sé líklega fátt sem ýti undir hann í þeim myndum sem hanga á veggjum bygginga félagsins. Myndir úr sögu félagsins, myndir af leikmönnum þ.m.t. samkynhneigðum leikmönnum. Þá er tekið fram að kvennaflokkar félagsins hafi verið þeirra flaggskip í áratugi og því hangi myndir af þeim uppi, enda sé félagið stolt af þeim og þeirra árangri.

Samantekt Fram

- 70% iðkenda eru karlkyns og 30% kvenkyns
- Kven- og karlkyns iðkendur félagsins njóta jafnræðis varðandi aðstöðu, æfingátíma, verðlaunagripi og allt sem spurt var um skv. svörum félagsins
- Ekki virðast vera framkvæmdar reglulegar tölulegar úttektir um stöðu markmiða og aðgerða jafnréttisstefnunnar
- Jafnréttisstefnan er á heimasíðu félagsins en mætti vera sýnilegri, t.d. á forsíðu
- Jafnréttisstefnan er kynnt m.a. á aðalfundum og send í tölvupósti á forsjálaðila iðkenda
- Siðareglur og hegðunarviðmið hafa verið sett og kynnt á aðalfundum deilda. Áætlað er að þjálfarar skrifi undir hegðunarviðmið þegar þau skrifa undir samninga við félagið
- Stjórnir félagsins eru nokkuð einsleitar hvað varðar kyn og uppruna
- 65% stjórnarmeðlima hjá félaginu karlar og 35% konur
- Nánast ekkert efni er til á öðrum tungumálum en íslensku
- Fáir innflytjendur taka þátt í sjálfboðastörfum innan félagsins
- Sérklefi er til staðar sem er hægt að nýta fyrir þau sem það kjósa
- Engin formleg hinsegin fræðsla og ekkert í umhverfinu almennt sem gefur til kynna að félagið sé hinseginvænt, fyrir utan stuðningsyfirlýsingar í kringum Hinsegin daga
- Aðgengi fyrir fatlað fólk mætti vera betra


Íþróttafélag Reykjavíkur (ÍR)

Félagið er staðsett í Seljahverfi í Breiðholti. Félagið þjónar fyrst og fremst póstnúmerum 111 og 109, eða hverfum í Breiðholti (Breiðholt, Efra Breiðholt, Seljahverfi). ÍR býður upp á fimleika, fótbolta, frjálsar, handbolta, keilu, judo, karate, körfubolta, skíði og taekwondo. ÍR er eina íþróttafélagið í úttektinni sem býður upp á fimleika, sem er ein vinsælasta íþróttin meðal stúlkna í Reykjavík. Starfsemi félagsins fer fram í fimm íþróttahúsum í hverfinu (Austurberg, Seljaskóli, Breiðholtsskóli, fjölnotahús, ÍR heimilið, Skólarsel/vellir).

Iðkendur

Félagið er með starfsemi í tíu íþróttagreinum fyrir iðkendur á öllum aldri, eða frá tveggja ára og upp í níraætt. Samkvæmt gögnum úr iðkendakerfinu Nóri þá voru 1.864 iðkendur á aldrinum 6-30 ára skráðir hjá ÍR árið 2020. Um 64% iðkenda eru karlkyns og 36% kvenkyns.


Fjölmennasta íþróttagreinin hjá ÍR er knattspyrna, þar á eftir koma almenningsíþróttir og síðan körfubolti, handbolta og frjálsar.



Mynd 15. Fjöldi skráðra iðkenda á aldrinum 6-30 ára hjá ÍR árið 2020, eftir kyni og íþróttagrein (Nóri).⁹


Drengir eru fjölmennari meðal iðkenda í öllum aldurshópum. Stúlkur eru 35% iðkenda á aldrinum 6-9 ára, 34% iðkenda á aldrinum 10-13 ára og 37% iðkenda á aldrinum 14-17 ára.

⁹ Fimleikar voru endurvaktir innan félagsins haustið 2041, en þá voru 31 ár síðan félagið starfrækti fimleikadeild. Frjálsíþróttadeild hefur stutt við fimleikana.



Mynd 16. Fjöldi skráðra iðkenda hjá ÍR árið 2020, eftir aldursbili og kyni (Nóri).¹⁰

Þegar kynjahlutföll iðkenda á aldrinum 6-17 ára eru skoðuð eftir íþróttagreinum má sjá að hlutfall stúlkna er hvað lægst í taekwondo (21%), körfubolta (24%) og knattspyrnu (28%). Jöfnust eru kynjahlutföllin í frjálsum íþróttum og fimleikum en þar eru 53% iðkenda stúlkur og 47% iðkenda drengir. Vinsælasta greinin hjá stúlkum og drengjum á aldrinum 6-17 ára er knattspyrna, en 28% drengja og 21% stúlkna sem eru skráð hjá félaginu æfa knattspyrnu.




Mynd 17. Kynjahlutföll iðkenda í ÍR á aldrinum 6-17 ára eftir íþróttagrein (Nóri).

Félagið starfrækir afrekssjóð, Magnúsarsjóð. Á tímabilinu 2018-2019 bárust 40 umsóknir og fengu 39 úthlutað styrk úr sjóðnum, en ein umsókn mætti ekki skilyrðum sjóðsins, svo segja má að

¹⁰ Samkvæmt upplýsingum frá ÍBR er lítið að marka iðkendatölur fyrir 18 ára og eldri í Nóra skráningarkerfinu og því ber að taka þeim með fyrirvara.

árangurshlutfall sé 100%. Helmingur umsækjenda voru karlar, 30% voru konur og 20% voru sameiginlegar umsóknir. Samkvæmt félaginu hafa alltaf borist fleiri umsóknir frá körlum en konum og því hafa fleiri karlar fengið úthlutað styrk úr sjóðnum, enda eru þeir hátt hlutfall iðkenda. Á fundi úttektaaðila með félaginu var farið yfir hvort tækifæri væru til að rýna ástæður þess að færri konur sækja um styrki og skoða hvort mögulega þurfi að vekja athygli þeirra á sjóðnum.



Mynd 18. Umsóknir í Magnúsarsjóð (afrekssjóður) tímabilið 2018-2019 eftir kyni á umsókn.¹¹

Samkvæmt svari félagsins eru boltagreinar (fótbolti, handbolti, körfubolti) einu greinarnar þar sem iðkendum er skipt í æfingahópa eftir kyni. Í þessum deildum eru bæði kyn í flestum tilfellum að fá jafn mikinn æfingatíma. Þó má greina að í handbolta og körfubolta fái stelpur meiri æfingatíma í 7.-8. bekk. Eins æfa stelpur í handbolta í 3.-4. bekk meira en drengir eða sem nemur 15 mínútum á viku. Strákar eru hins vegar skráðir með meiri æfingatíma á menntaskólaaldri eða sem nemur 20 mínútum á viku. Að öðru leyti er lítill sem enginn halli á æfingatímum en þó ber að nefna að í knattspyrnudeild eru ekki starfandi kvennaflokkar í 9.-10. bekk eða fyrir menntaskólastúlkur. Þær stúlkur sem hafa viljað æfa með ÍR á þessum aldri hafa fengið að æfa með meistaraflokki.

Þegar kemur að hvaða tíma dags æfingar eru þá er það heilt yfir nokkuð jafnt milli kynja í sömu flokkum. Helst má greina mun á tímasetningu æfinga milli kynja í 7.-8. bekk í handbolta og knattspyrnu. Einnig er smávægilegur munur á tímum menntaskólaiðkenda í handbolta og 3.-4. bekk í knattspyrnu. Í öllum tilvikum er munurinn minniháttar.

Búningsklefar eru sambærilegir hjá stúlkna- og drengjaflokkum, þ.e.a.s af sömu stærð og gerð.

Hjá ÍR æfa stúlkur og drengir í sömu flokkum við sömu aðstæður. Einungis í boltagreinum er æfingahópum kynjaskipt en í lang-flestum tilvikum æfa bæði kyn við sömu aðstæður þegar kemur að völlum eða húsum. Í einu tilviki er varðar körfuboltaíðkendur í 7.-8. bekk æfa drengir oftast í íþróttahúsi Breiðholtsskóla en stelpur í sama flokki æfa eingöngu í íþróttahúsi Seljaskóla. Flokka má Breiðholtsskóla sem lakara húsnæði (minni völlum) og því má segja að í þessu tilfelli halli á drengi.

Aðalstjórn félagsins veitir verðlaun fyrir íþróttafólk hvernar deildar í lok hvers árs, tilnefnd eru einn karl og ein kona úr hverri deild félagsins. Jafnræðis er gætt og fær allt tilnefnt íþróttafólk eins verðlaun. Aðalstjórn hefur að öðru leyti ekki eftirlit með verðlaunaafhendingum deilda, en samkvæmt svari félagsins er ekki talin þörf á því þar sem verðlaunagripir eru í öllum tilvikum eins óháð kyni.

¹¹ Ekki var úthlutað úr sjóðnum árið 2020 vegna áhrifa Covid-19.

Félagið útvegar sjúkraþjálfara í öllum leikjum kvenna og karla í handbolta, fótbolta og körfubolta. Aðra milligöngu um sjúkraþjálfun iðkenda hefur félagið ekki. Iðkendur sem verða fyrir meiðslum eða slasast leita í flestum tilvikum sjálfir til sjúkraþjálfara að eigin vali. Meistaraflokkar kvenna og karla í handbolta og fótbolta hafa starfandi styrktarþjálfara. Meistaraflokkar í körfubolta eru ekki með styrktarþjálfara, en það er ákvörðun sem stjórn körfuboltadeildar tekur. Hvað styrktarþjálfun yngri flokka varðar þá eru í einstaka flokkum styrktaræfingar, sem almennir þjálfarar félagsins sjá þá um, ekki eru ráðnir sérstakir styrktarþjálfarar fyrir yngri flokk.

Aðalstjórn og skrifstofa félagsins hafa ekki ítarlegt eftirlit með nýtingu fjármagns innan deilda félagsins. Fjárveitingar frá aðalstjórn til deilda fer almennt eftir iðkendafjölda.

Leikir kvenna- og karlaliða eru auglýstir með sama hætti. Félagið deilir fréttum af úrslitum leikja eða afrekum íþróttafólks á netmiðlum sínum og reynt er eftir fremsta megni að hafa umfjöllun jafna milli kynja, en einnig með tilliti til afreka.


Lítið hefur verið um viðburði eins og styrktarkvöld á tímabili úttektarinnar vegna áhrifa COVID-19. Slíkir viðburði hafa í gegnum tíðina gjarnan verið haldnir að frumkvæði deilda eða flokka. Almenn er ágóðin af styrktarkvöldum alla jafna nýttur til reksturs deilda. Rekstur deildanna er sameiginlegur um bæði karla- og kvennalið í meistaraflokkum. Engar formlegar reglur er til um skiptingu slíks fjármagns og er það á valdi hvernig deildar hvernig fjármagninu er varið.

Starfsfólk og stjórnir

Kosning til stjórnar er leynileg og fer fram á aðalfundi. Á heildina litið eru 65% stjórnarmeðlima hjá félaginu karlar og 35% konur. Aðeins 6% stjórnarmeðlima eru af erlendum uppruna, en um 27% íbúa hverfisins eru innflytjendur. Þá eru karlar einnig fjölmennari meðal stjórnarformanna, en 33% stjórnarformanna eru kvenkyns.


Kynjahlutföll í stjórnnum eru nokkuð misjöfn eftir deildum, í sex deildum eru nokkuð jöfn kynjahlutföll en þrjár stjórnir eru eingöngu skipaðar körlum. Í aðalstjórn félagsins sitja þrír karlar og fjórar konur. Formaður stjórnar er kona.

Samkvæmt svörum félagsins hefur ekki verið farið í sérstakt átak til að auka fjölbreytileika innan stjórnar félagsins. Erfitt hefur reynst að fá sjálfboðaliða í stjórnir og því hefur áherslan verið á að ná að manna stjórnirnar hverju sinni en ekki lögð áhersla á að gæta þess að þær endurspegli margbreytileika. Á fundi með félaginu var rætt um mögulegar ástæður þess að erfitt sé að manna stjórnir. Upplifun viðmælenda var að erfiðara væri að fá konur til að taka sæti í stjórn, þær þyrftu oftast að taka sér tíma til að íhuga málið og vildu frekar en karlar fá nánari útlistun á því hvaða vinnuframlags væri ætlast til af stjórnarmeðlimum. Möguleg skýring sem var nefnd var að konur bæru oft meiri ábyrgð á börnum og heimili og hefðu því mögulega minna af tíma til að nýta í slíka sjálfboðavinnu.




Mynd 19. Fjöldi stjórnarmeðlima í ÍR eftir kyni.

Í sjö af níu starfandi stjórnnum félagsins eru stjórnarmeðlimir eingöngu af íslenskum uppruna. Aðeins 6% stjórnarmeðlima eru af erlendum uppruna. Nokkur munur er á samsetningu stjórna eftir deildum og eru einstaklingar af erlendum uppruna 40% stjórnarmeðlima í júdódeild og 20% stjórnarmeðlima í taekwondodeild félagsins.



Mynd 20. Fjöldi stjórnarmeðlima í ÍR eftir uppruna.

Hjá ÍR starfa samtals 20 manns á skrifstofu og í íþróttahúsum félagsins. Karlur eru 60% starfsfólks og konur eru 40% starfsfólk. Einnig starfa hjá félaginu 66 umsjónarþjálfarar, 48 karlar og 18 konur, og eru því aðeins 27% umsjónarþjálfara ÍR konur. Í þremur greinum eru allir þjálfarar karlar (Handbolti, Taekwondo og Júdó), og í fjölmennstu greininni, knattspyrnu, er konur aðeins 21% umsjónarþjálfara.



Mynd 21. Fjöldi starfsfólks og þjálfara ÍR eftir kyni.


Samkvæmt svörum frá félaginu þá fær starfsfólk félagsins sömu laun fyrir sömu eða sambærileg störf. Einnig kemur fram að þjálfarar fá jöfn laun fyrir sinna sömu stöðu innan deildar óháð kyni, að því gefnu að þau séu jafn hæf, þ.e. með sambærilega menntun og reynslu. Ekki hafa verið framkvæmdar launaúttektir, þannig erfitt er að segja nákvæmlega til um hvort raunverulegt launajafnrétti ríki.

Forsendur fyrir ákvörðunum um laun þjálfara eru reynsla, menntun, fjöldi æfinga og fjöldi leikja. Þó kemur fram í svari félagsins að í öllum boltagreinum innan félagsins eru hærri laun greidd til þjálfara meistaraflokks karla heldur en þjálfurum meistaraflokks kvenna. Þá kemur fram að þjálfara njóti engra sérstakra hlunninda, annað en að fá fatnað til þjálfunar og þar sé ekki munur eftir kyni. Þjálfarar eru almennt verktakar en ekki launþegar hjá félaginu. Deildirnar sjá sjálfar um að ákveða greiðslur til þjálfara og engin miðlæg stýring eða viðmið til staðar.

- **Mikilvægt er að finna sanngjarnar leiðir til að ákvarða laun sem muni ekki mismuna þjálfurum eftir kyni eða hvaða iðkendur þau þjálfar. Því fleiri breytur sem eru teknar inn því meiri líkur á að breyturnar sjálfar valdi mismun milli kynja.**
Dæmi: Kynjað virðismat starfa getur valdið því að fólk telji það meiri vinnu og ábyrgð að þjálfar karlalið, þótt slíkt sé ekki endilega raunin. Þá getur verið að þjálfarar sem eru metnir með meiri hæfni og reynslu séu fremur ráðnir til að þjálfar karlalið heldur en kvennalið.

Þjálfarasamningar deilda ÍR tilgreina ekki sérstaklega um réttindi eða möguleika þjálfara til endurmenntunar. Í einstaka tilvikum hafa þjálfarar samið um að félagið taki þátt í kostnaði vegna þjálfararéttinda eða annarrar starfstengdar menntunar. Ekki kemur fram í svari félagsins hvort jafnvægis gæti milli kynja þegar kemur að þeim samningum. Við ráðningar þjálfara og starfsfólks er kallað eftir sakavottorðum.

Mikill meirihluti starfsfólks og þjálfara er af íslenskum uppruna, eða 81%. Hlutfallið er þó breytilegt milli deilda. Í þremur af tíu deildum félagsins er starfsfólk og þjálfarar öll af íslenskum uppruna.



Mynd 22. Fjöldi starfsfólks og þjálfara ÍR eftir uppruna.

Jafnréttisstefna

ÍR hefur sett sér jafnréttisstefnu. Stefnan nær til iðkenda, þjálfara, stjórna, starfsfólks og allra þeirra sem koma að starfi félagsins og gildir stefnan í öllu starfi félagsins. Stefnan varð til að frumkvæði íþróttastjóra og aðalstjórnar ÍR og sömu aðilar tóku þátt í mótun stefnunnar, ásamt aðkomu ÍBR í upphafi. Stefnan var birt í nóvember 2018 og er unnin eftir formi fyrir jafnréttisstefnu frá ÍBR. Stefnan er aðgerðabundin og samkvæmt svari frá félaginu er hún endurskoðuð reglulega í samstarfi við ÍBR. Í stefnunni er skilgreint hver ber ábyrgð á tilteknum aðgerðum/mælingum og sett eru tímamörk, t.d. árlegar mælingar. Ekki er tiltekin gildistími á stefnunni en tekið er fram að stefnan sé endurskoðuð og lagfærð *er þurfa þykir*.

Jafnréttisstefnan er aðgengileg á heimasíðu félagsins undir ÍR > Siðamál og fræðsla > Jafnréttisstefna ÍR. Hana er einnig að finna undir útgefið efni á heimasíðunni. Þá er jafnrétti tiltekið í lögum félagsins sem eitt af markmiðum félagsins og í ársskýrslu félagsins 2020 er sérstaklega nefnt að gengið hafi vel að fjölga stúlkum í knattspyrnudeildinni enda sé jafnréttisstefnan ekki bara pappír á blaði.

Samkvæmt svari frá félaginu hefur eftirfylgnin með markmiðum stefnunnar þó ekki verið markviss og engar skriflegar niðurstöður liggja fyrir. Gerð var úttekt á starfi félagsins þegar stefnan var samþykkt en slík úttekt hefur ekki verið gerð aftur. Íþróttastjóri hefur séð um að fylgjast með starfsemi félagsins með tilliti til jafnréttisstefnunnar. Félagið telur þó nauðsynlegt að finna leiðir til að koma því að að gera árlega markvissa úttekt þar sem niðurstöður eru bókaðar og skriflegar. Samkvæmt stefnunni á að gera árlega úttekt á stefnunni og skila greinargerð um framkvæmd hennar árlega til ÍBR samhliða skilum á ársreikningi.

Einhverjar brotalamir eru á því að stefnan sé kynnt fyrir iðkendum, þjálfurum, starfsfólki o.s.frv. en stefnan hefur þó verið send á þjálfara og starfsólk, án þess að það sé gert með markvissum hætti. Þetta stendur til bóta, en félagið stefnir á að senda jafnréttisstefnuna út í upphafi hvorrar annar.

Siðareglur og hegðunarviðmið

Siðareglur félagsins eru aðgengilegar á heimasíðunni undir ÍR > Siðamál og fræðsla > Siðareglur ÍR. Þær eru einnig aðgengilegar undir útgefið efni á síðunni. Reglurnar tóku gildi í október 2019 og urðu til að frumkvæði aðalstjórnar og íþróttastjóra félagsins.


Samkvæmt 9. grein siðareglanna er heimilt að vísa þeim sem gerist brotlegur við þær úr starfi hjá félaginu, tímabundið eða að fullu. Ekki eru sérstakir verkferlar í gildi ef upp koma brot á siðareglum en aðalstjórn félagsins sér um að bregðast við ef upp koma mál.

Samkvæmt svari frá félaginu hafa þjálfarar fengið siðareglurnar sendar en þær hafa ekki verið kynntar með markvissum hætti. Til stendur að siðareglur séu sendar út til þjálfara og sjálfboðaliða í upphafi hvernar annar.

Á heimasíðu ÍR er hlekkjað í verkferla og leiðbeiningar ÍBR vegna ofbeldi og áreitni ásamt verkferlum ÍR um viðbrögð og meðhöndlun vegna kynferðislegrar áreitni og ofbeldi. Í kjölfar #metoo var aðgerðaáætlun félagsins gegn einelti og óæslegri hegðun endurbætt. Uppfærð aðgerðaáætlun tók gildi á sama tíma og siðareglurnar. Áætlunin er aðgengileg á heimasíðunni undir siðamál og fræðsla sem og undir útgefið efni. Stuðst var við aðgerðaáætlun ÍSÍ gegn einelti og annarri óæskilegri hegðun við gerð áætlunarinnar. Á fundi með félaginu kom fram að mikill vilji er til þess að halda fræðslu um ýmis málefni, en erfitt reynist að fá fólk til að mæta á slíka fræðslu eða námskeið. Mögulega þyrfti að setja einhver ákvæði um þetta í samninga við þjálfara deildanna.

Iðkendur af erlendum uppruna

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru innflytjendur¹² 27% íbúa í Breiðholti árið 2019, sem er hærra en hlutfall innflytjenda í Reykjavík allri, sem var 19% á sama tíma.



Mynd 23. Hlutfall innflytjenda í Breiðholti og Reykjavík í heild árið 2019 (Hagstofan).

Samkvæmt tölum úr iðkenda kerfinu Nóra fyrir árið 2020 þá eru 6% iðkenda ÍR á aldrinum 6-17 ára skráð með erlent þjóðerni. Kynningar á starfsemi félagsins fara að mestu fram í skólum hverfisins, en þó með misjöfnum hætti eftir skólum. Yfir stendur vinna við að samræma kynningar í öllum skólum og gera þær meira spennandi fyrir börn og ungmenni. Einnig sér Þjónustumiðstöð Breiðholts um að kynna starfsemi félagsins til sinna skjólstæðinga og íbúa í hverfinu þegar það á við. Að öðru leyti fara kynningar á starfi félagsins að mestu fram í gegnum samfélagsmiðla og vefsíðu ÍR. Á vefsíðu ÍR er hægt að nálgast helstu upplýsingar um starfsemi félagsins á ensku og pólsku. Á forsíðu heimasíðunnar er stika hægra megin þar sem þessar upplýsingar eru aðgengilegar. Allar tilkynningar og upplýsingar frá þjálfurum eru almennt á íslensku, sem og upplýsingar um æfingatíma, keppnir og mót. Áriðandi

¹² Innflytjendur, fyrsta og önnur kynslóð

upplýsingar frá skrifstofu til forsjálaðila eru þó einnig sendar út á ensku. ÍR er með merkta daga ársins þar sem skrifstofan er opin lengur til að taka á móti fólki sem þarf aðstoð við skráningar.

Félagið hefur skilning á hlutverki sínu þegar kemur að því að gera innflytjendur virka í samfélaginu. Áhersla er á umburðarlyndi og eftirfylgni til að aðstoða börn við að ná fótfestu í samfélaginu. Félagið hefur áhuga á að ráða til sín starfsmann sem væri tengiliður við erlenda íbúa, og hefði yfir að búa þekkingu á því hlutverki. Starfsmaðurinn myndi sjá um samskipti við innflytjendur og íbúa af erlendum uppruna. Sótt hefur verið um styrki fyrir stöðugildinu en þau hafa ekki fengið jákvætt svar enn sem komið er.

Hinsegin iðkendur

Í svörum félagsins kemur fram að einungis séu til staðar kyngreind salerni og búningsklefar. Hinsegin fræðsla hefur ekki verið hluti af skipulögðu fræðslustarfi félagsins og ekki hefur verið komið á sérstökum skipulögðum stuðningi við hinsegin iðkendur innan félagsins. Félagið er með tengingu við Tjörnina, félagsmiðstöð hinsegin ungmenna, og Samtökin 78 í gegnum samning UMFÍ við S78. Venjulega er ekkert í umhverfinu sem gefur til kynna að það sé hinseginvænt nema þá viku sem Hinsegin dagar standa yfir árlega en þá er flaggað regnbogafána.

Félagið óskar eftir aðstoð frá Reykjavíkurborg til að koma upp ókyngreindri aðstöðu.

- **Það að einungis séu til staðar kyngreind salerni og búningsklefar getur hamlað þátttöku hinsegin fólks sem einhverra hluta vegna kys að nota fremur ókyngreind rými, t.d. inersex, trans og kynsegin fólks.**

Fatlaðir iðkendur

Aðgengi fyrir fatlað fólk er misgott eftir húsum, á flestum stöðum ásættanlegt samkvæmt svörum félagsins. ÍR er ekki með skilgreint íþróttastarf fyrir fatlað fólk en einstaklingar með fötlun æfa t.d. í frjálsíþrótt og keiludeild félagsins. Iðkendur eru alla jafna ekki sýnilegir í kynningarefni félagsins af persónuverndarsjónarmiðum.

- **Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa vill benda á að þrátt fyrir að ekki sé notast við ljósmyndir af iðkendum þá getur annars konar myndefni, t.d. teikningar, vel verið notaðar til að sýna fjölbreytileika og vinna gegn staðalmyndum.**

Efnahagur

ÍR starfrækir sérstakan sjóð, Tinnuverkefnið, til að standa straum af kostnaði fyrir iðkendur sem þurfa á því að halda. Samvinna er við þjónustumiðstöð Breiðholts vegna efnaminni iðkenda, en þjónustumiðstöðin gegnir lykilhutverki í að koma á sambandi milli þeirra einstaklinga sem þurfa á fjárhagsstuðningi að halda og íþróttafélagsins. Þjálfarar félagsins koma einnig ábendingum til íþróttastjóra. Ábyrgðin á sýnileika þessarra úrræða er á herðum þjónustumiðstöðvarinnar skv. svari félagsins.

Umhverfi og fræðsla

Ekki er til staðar fræðsluáætlun en til stendur að búa hana til.

Á veggjum félagsins hanga gamlar myndir úr sögu félagsins. Samkvæmt svari félagsins eru þar myndir af konum, körlum, börnum og fullorðnum.

Samantekt ÍR


- 64% iðkenda eru karlkyns og 36% kvenkyns
- Stjórnir félagsins eru nokkuð einsleitar hvað varðar kyn og uppruna
- 65% stjórnarmeðlima hjá félaginu eru karlar og 35% konur
- Hjá ÍR æfa stúlkur og drengir í sömu flokkum við sömu aðstæður
- Félagið greiðir hærra laun fyrir þjálfun á mfl. karla en kvenna
- Ekki hefur verið farið í séstakt áttak til að auka fjölbreytileika í stjórnnum eða stuðla að þátttöku ólíkra hópa á aðalfundum félagsins
- Félagið er með jafnréttisstefnu sem er á heimasíðu félagsins. Stefnan mætti þó vera sýnilegri t.d. vera á forsíðunni
- Félagið hefur farið í tölulega greiningu á stöðunni m.t.t. kynjajafnréttis en sú úttekt hefur ekki verið endurtekin. Eftirfylgni með markmiðum stefnunnar er ekki markviss og engar skriflegar niðurstöður liggja fyrir um framgang hennar
- Jafnréttisstefnan er ekki kynnt fyrir iðkendum, þjálfurum, starfsfólki, sjálfboðaliðum og aðstandendum iðkenda með reglubundnum hætti – það stendur þó til bóta
- Félagið hefur sett sér siðareglur og til stendur að siðareglur séu sendar út til þjálfara og sjálfboðaliða í upphafi hvorrar annar.
- Félagið er með upplýsingar á ensku og pólsku á heimasíðu sinni
- Aðgengi fyrir trans fólk er ábótavant
- Hinsegin fræðsla er ekki hluti af skipulögðu fræðslustarfi félagsins
- Félagið sýnir hinsegin samfélaginu stuðning með því að flagga regnbogafána þegar Hinsegin dagar standa yfir. Að öðru leyti er ekkert í umhverfinu sem gefur beint til kynna að félagið sé hinseginvænt
- Aðgengi fyrir fatlað fólk er misgott eftir húsum, en ásættanlegt á flestum stöðum
- Engin fræðsluáætlun er hjá félaginu – en það stendur til bóta

Knattspyrnufélagið Víkingur

Víkingur starfrækir sjö deildir; Almenningsdeild, borðtennisdeild, handknattleiksdeild, karatedeild, knattspyrnudeild, skíðadeild og tennisdeild. Félagið starfrækir einnig íþróttaskóla fyrir börn á aldrinum 2-5 ára. Félagið þjónar hverfunum Háaleiti, Bústaðahverfi og Fossvogi, eða póstnúmerum 103 og 108.


Iðkendum

Samkvæmt gögnum úr iðkendakerfinu Nóri þá voru 1.365 iðkendum á aldrinum 6-30 ára skráðir hjá Víking árið 2020. Um 64% iðkenda eru karlkyns og 36% kvenkyns. Knattspyrnudeildin er fjölmennust og þar á eftir kemur handknattleiksdeildin.



Mynd 24. Fjöldi skráðra iðkenda á aldrinum 6-30 ára hjá Víking árið 2020, eftir kyni og íþróttagrein (Nóri).


Kynjahlutföll iðkenda eru jöfnust meðal yngri iðkenda. Stúlkur eru 43% iðkenda á aldrinum 6-9 ára en aðeins 29% iðkenda á aldrinum 10-13 ára eru stúlkur.



Mynd 25. Fjöldi skráðra iðkenda hjá Víking árið 2020, eftir aldursbili og kyni (Nóri).¹³

¹³ Samkvæmt upplýsingum frá ÍBR er lítið að marka iðkendatölur fyrir 18 ára og eldri í Nóra skráningarkerfinu og því ber að taka þeim með fyrirvara.

Þegar kynjahlutföll iðkenda á aldrinum 6-17 ára eru skoðuð eftir íþróttagreinum má sjá að hlutfall stúlkna er lægst í borðtennis (11%) og karate (26%). Jöfnust eru kynjahlutföllin í knattspyrnu en þar eru 59% iðkenda drengir og 41% iðkenda stúlkur. Vinsælasta greinin hjá stúlkum og drengjum á aldrinum 6-17 ára er knattspyrna, en 46% drengja og 56% stúlkna sem eru skráð hjá félaginu æfa knattspyrnu.



Mynd 26. Kynjahlutföll iðkenda í Víking á aldrinum 6-17 ára eftir íþróttagrein (Nóri).

Æfingatöflunni er stillt upp þannig að það séu jafnmargar æfingar fyrir stúlkur og drengi í sama flokki og þau æfa á jafngóðum tímum og völlum. Yngstu flokkarnir eru með æfingar fyrst á daginn, beint eftir frístund, og svo raðast þetta eftir aldri. Fyrir eldri flokka, 2. fl. og meistaraflokka eru ekki fastir æfingatímar heldur taka æfingatímar mið að því hvernig leikir stillast upp hjá liðunum. Samkvæmt svari félagsins þá æfa karla og kvenna flokkar jafn mikið, á sömu völlum og á jafngóðum tímum. Leikir fara fram við sömu aðstæður og sömu umgjörð. Jafnræði gætir á milli kynja varðandi verðlaunagrip og kostunaraðilar vita af þeirri stefnu félagsins. Samkvæmt svari frá félaginu þá hefur mfl. karla í knattspyrnu verið með betri búningsaðstöðu í gegnum tíðina en nú er búið að taka í gagnið nýjan klefa sem kvennaflokkarnir í knattspyrnu og handbolta nota. Félagið segir að klefamálin séu smá vandamál, þ.e.a.s. að þeim vanti fleiri klefa.

Víkingur rekur ekki eiginlegan afrekssjóð en þau eru með afrekssstefnu.

Sjúkraþjálfarar eru hjá meistaraflokkum karla og kvenna, og eru til staðar á leikjum. Félagið greiðir ekki fyrir sjúkraþjálfun yngri iðkenda.


Fjárveitingar til deilda fara eftir stærð deilda, þ.e.a.s. iðkendafjölda. Fjármagn er ekki tengt við árangur eða kyn iðkenda.

Leikir kvenna- og karlaliða eru auglýstir með sama hætti og jafnmikið. Mæting er þó töluvert meiri á leiki karlaliðanna.


Haldin eru styrktarkvöld, kvennakvöld fyrir kvennalið og herrakvöld fyrir karlalið. Ágóðinn af kvennakvöldum fer til kvennaliða og herrakvöldum til karlaliða. Mæting og tekjur hafa verið hærri af herrakvöldum í gegnum tíðina.

Starfsfólk og stjórnir

Á heildina litið er 64% stjórnarmeðlima hjá félaginu karlar og 34% konur. Aðeins 4% stjórnarmeðlima eru af erlendum uppruna. Þá eru karlar einnig fjölmennari meðal stjórnarformanna, en 22% stjórnarformanna eru kvenkyns. Í aðalstjórn félagsins sitja fjórir karlar og þrjár konur. Formaður aðalstjórnar er karl. Í þremur stjórnnum eru allir stjórnarmeðlimir af sama kyni.




Mynd 27. Fjöldi stjórnarmeðlima í Víking eftir kyni.



Mynd 28. Fjöldi stjórnarmeðlima í Víking eftir uppruna.

Hjá félaginu starfa fimm karlar og ein kona. Aðal- og aðstoðarþjálfarar eru 51 talsins. Aðal- og aðstoðarþjálfarar eru 69% karlar. Í fótbolta eru karlar 88% þjálfara og 75% þjálfara í handbolta eru karlar. Allir þjálfarar eru íslenskir ríkisborgarar.



Mynd 29. Fjöldi starfsfólks og þjálfara Víkings eftir kyni.

Samkvæmt svörum félagsins fær starfsfólk félagsins greidd sömu laun fyrir sömu eða sambærileg störf, þjálfarar fá sömu laun og hlunnindi óháð kyni og hvort þau þjálfari kvenna- eða karlalíð. Engar tölulegar greiningar hafa þó verið gerðar, en skrifstofustarfsfólk fer í launaviðtöl árlega. Laun þjálfara eru ákvörðuð af aldri og fjölda iðkenda, og menntun og reynslu þjálfara. Aðalþjálfarar flokka eru allir eldri en 25 ára en aðstoðarþjálfarar eru gjarnan iðkendur á unglingsaldri.

Við ráðningu þjálfara og starfsfólks er nýlega byrjað að kalla eftir sakavottorði. Ekki kemur fram hvort leitað sé eftir meðmælum frá fyrri vinnuveitendum.

Samkvæmt svari félagsins er markvisst unnið að því að auka fjölbreytileika stjórnenda og stjórnarmeðlima en ekki er tekið fram með hvaða hætti það er gert. Almennt er aðsókn á aðalfundi mjög dræm og ekki hefur komið til þess í mörg ár að kjósa þurfi í stjórnir á milli frambjóðenda. Ef slíkt gerist þá væri æskilegt að kosning væri leynileg, ef lög félagsins leyfa.

Jafnréttisstefna

Víkingur hefur sett sér jafnréttisstefnu sem er aðgengileg á heimasíðu félagsins undir félagið > fræðsla > Jafnréttisstefna og fræðsla > jafnréttisáætlun og > jafnréttisstefna. Jafnréttisstefnan tiltekur að *“allir einstaklingar innan Knattspyrnufélagsins Víkings skulu eiga jafna möguleika á að njóta eigin atorku og þroska hæfileika sína óháð kynferði eða kynþætti”*. Jafnréttisstefnan hefur ekki tilgreindan gildistíma. Stefnunni fylgir einnig aðgerðaáætlun, jafnréttisáætlun, sem er með tilgreindan gildistíma, vetur 2020-2021. Jafnréttisáætlunin byggir alfarið á skapalóni ÍBR og hefur ekki verið aðlöguð að félaginu. Þá hefur verið merkt niðurstaða við mjög fáa liði í áætluninni.

Samkvæmt svari félagsins varð stefnan til vegna þeirrar áherslu sem ÍBR leggur á að hún sé unnin og er skilað árlega til ÍBR. Aðalstjórn félagsins tók þátt í mótun stefnunnar og farið er yfir hana tvisvar á ári. Íþróttastjóri og aðalstjórn félagsins bera ábyrgð á eftirfylgni með markmiðum stefnunnar. Stefnan er kynnt í upphafi annar og á foreldrafundum og aðalfundum. Á fundi með félaginu kom fram að þau séu meðvituð um að það þurfi að kynna stefnuna betur, og er vilji til þess.


Siðareglur og hegðunarviðmið

Siðareglur Víkings eru aðgengilegar á heimasíðu félagsins undir félagið > fræðsla > siðareglur. Siðareglurnar eru dagsettar árið 2019. Þær eru settar fyrir fjóra hópa; yngri iðkendum, eldri iðkendum, þjálfara og stjórnarmenn/starfsfólk. Á heimasíðunni eru einnig hlekkir á siðareglur ÍSÍ, hegðunarviðmið ÍSÍ, og verkferla ÍBR um kynferðislegt ofbeldi og áreitni. Samkvæmt svari félagsins eru siðareglur yfirfarnar árlega af aðalstjórn og unnið er að uppfærðum siðareglum.

Siðareglurnar eru unnar eftir skapalóni frá ÍBR og hegðunarviðmiðin eru frá ÍSÍ. Þá hefur félagið einnig gefið út leiðarvísi fyrir foreldra. Siðareglur og hegðunarviðmið eru kynnt fyrir þjálfurum við undirritun samninga ásamt því að vera kynnt á foreldrafundum og leikmannafundum. Efni ÍBR um forvarnir, viðbrögð og verkferla vegna kynferðisleg ofbeldis og áreitni hefur verið kynnt fyrir þjálfurum og stjórnnum félagsins. Á fundi með félaginu kom fram mikil ánægja með bækling ÍBR um forvarnir og verkferla um kynferðislegt ofbeldi og áreitni.

Iðkendum af erlendum uppruna

Hlutfall innflytjenda¹⁴ í hverfunum sem félagið starfar í er lægra en í Reykjavík almennt. Í Bústaðahverfi er hlutfall innflytjenda 13% og í Fossvogi 7%. Þetta mun þó taka breytingum þegar Víkingur tekur yfir hverfi Fram í Safamýrinni, en þar er hlutfall innflytjenda hærra. Félagið er byrjað að hugsa um hvernig þau geti virkjað foreldra barna af erlendum uppruna til þátttöku. Samkvæmt tölum úr iðkenda kerfinu Nóra fyrir árið 2020 þá eru 2% iðkenda Víkings á aldrinum 6-17 ára skráð með erlent þjóðerni.



Mynd 30. Hlutfall innflytjenda í Fossvogi og Bústaðahverfi og Reykjavík í heild árið 2019 (Hagstofan).

Starfsemi félagsins er kynnt á miðlum félagsins, skólum hverfisins og frístundaheimilum. Samkvæmt svari félagsins eru samskipti við frístundaheimili og skóla í hverfinu góð og eru árlegir fundir með þeim aðilum í upphafi hvers skólaárs. Einnig er unnið með þjónustumiðstöð í hverfinu og foreldrum.

Kynningarefni félagsins er eins og er aðeins á íslensku en unnið er að því að gefa út efni á ensku.

Hlutfall innflytjenda meðal starfsfólks, þjálfara, sjálfbóðaliða og í foreldrafélögum er lágt samkvæmt svörum félagsins. Minna en tíu prósent foreldra í ráðum og meðal starfsfólks er af erlendum uppruna.

Samkvæmt svari félagsins er skilningur innan félagsins á því hlutverki sem íþróttafélög geta haft þegar kemur að því að gera innflytjendur virka í samfélaginu. Hlutfall innflytjenda er lægra í þeim hverfum sem félagið starfar í heldur en í Reykjavík í heild. Forvarnargildi íþróttar er kynnt fyrir innflytjendum með því að afhenda foreldrum bæklinga, á þeirra tungumáli ef þeir eru til hjá borginni. Verið er að skoða að dreifa kynningarefni með rafrænum hætti á fleiri en einu tungumáli til að ná til sem flestra.

¹⁴ Innflytjendur, fyrsta og önnur kynslóð

Hinsegin iðkendur

Eins og staðan er í dag þá er ekki ókyngreind aðstaða, svo sem salerni/búningsklefum sem gætu nýst trans fólki. Starfsfólk skrifstofu hefur sótt hinsegin fræðslu á námskeiði á vegum ÍBR.

Ekkert hinseginvænt (t.d. regnbogafáni eða límmiði) er sýnilegur í umhverfinu til að gefa til kynna að hinsegin fólk sé velkomið. Félagið hefur ekki leitað til Tjarnarinnar eða Samtakanna 78.

Eins og staðan er í dag er tekið á málum þegar þau koma upp og hinsegin iðkendur hafa möguleika á stuðningi innan félagsins ef þau þurfa. Einn iðkandi sem æfir með félaginu er trans og hefur félagið aðstoðað foreldra varðandi fræðslu til annarra forelda og að gæta þess að skráningar séu réttar hvað kyn varðar.

- **Hægt væri að merkja salernisaðstöðuna sem er ætluð fyrir fatlað fólk með þeim hætti að hún sé einnig boðin sem ókyngreind salernisaðstaða fyrir þau sem það kjósa. Reykjavíkurborg hefur útbúið merkingu sem er hægt að nota á slík rými.**



Fatlaðir iðkendur

Aðgengi að búningsklefa er ekki til staðar en salernisaðstaða fyrir fatlað fólk er til staðar. Aðstoðarmanneskja getur fylgt iðkanda á æfingar eins og þurfa þykir.

Hjá félaginu æfir fatlað fólk í skíðadeild félagsins en í dag eru ekki fatlaðir iðkendur í öðrum deildum. Fatlaðir iðkendur eru almennt ekki sýnilegir í kynningarefni félagsins, ef undanskilin er skíðadeildin, en þar er m.a. umfjöllun um að iðkandi Víkings var valinn íþróttamaður ársins 2020 hjá ÍF.

Efnahagur

Sérstakur sjóður er til staðar sem hægt er að leita í til að auðvelda efnaminni börnum og unglíngum að æfa. Samvinna er við skóla og þjónustumiðstöð sem hafa samband við félagið varðandi þennan hóp. Samkvæmt svari félagsins mætti bæta aðgegni að upplýsingum um þessa styrki. Hingað til hefur almennt verið leitað til skrifstofu með þessi mál, þjálfarar hafa augun opin og láta vita. Einnig er félagið sveigjanlegt með innheimtu æfingagjalda fyrir þau sem þurfa. Úttektaraðili fann engar upplýsingar á heimasíðu félagsins um möguleika efnaminni fólks til að æfa með félaginu.

Umhverfi og fræðsla

Engin fræðsluáætlun er til staðar, en samkvæmt svari félagsins þá stendur það til bóta.

Á veggjum hanga myndir úr sögu félagsins, af formönnum (27 KK, 0 KVK) og heiðursfélögum (30 KK, 2 KVK). Félagið er meðvitað um þennan kynjahalla.

Samantekt Víkingur

- 64% iðkenda eru karlkyns og 36% kvenkyns
- Karla og kvenna flokkar æfa jafn mikið, á sömu völlum og á jafngóðum tímum skv. svörum félagsins
- Jafnréttisstefnan er aðgengileg á heimasíðu félagsins en mætti vera sýnilegri t.d. á forsíðu
- Jafnréttisstefnan er kynnt í upphafi annar og á foreldrafundum og aðalfundum
- Siðreglur og hegðunarviðmið eru kynnt fyrir þjálfurum við undirritun samninga ásamt því að vera kynnt á foreldrafundum og leikmannafundum
- Stjórnir félagsins eru nokkuð einsleitar með tilliti til kyns og uppruna
- 64% stjórnarmeðlima hjá félaginu karlar og 34% konur
- Kynningarefni félagsins er eins og er aðeins á íslensku en unnið er að því að gefa út efni á ensku.
- Þátttaka innflytjenda í sjálfboðaliðastarfi er lítil
- Engin búningaástaða er fyrir trans fólk og fatlað fólk sem vill/getur ekki notað almenna klefa

Umræða

Stuðningur borgarinnar við þátttakendur í íþróttum var 508 m.kr. árið 2019 en beinn stuðningur við íþróttafélögin, ÍBR og viðburði á vegum ÍBR var um 2.622 m.kr. Það er mikilvægt að slíkum opinberum fjármunum sé varið á réttlátan hátt.

Íþróttahreyfingin er stærsta fjöldahreyfingin á landinu og eru um helmingur landsmanna félagsmenn í íþróttafélögum (Viðar Halldórsson o.fl., 2015). Starfsemin byggir að hluta til á frjálsu framtaki landsmanna. Sjálfboðaliðar sinna mikilvægum verkefnum innan íþróttahreyfingarinnar og hefur framlag þeirra verið metið á fjóra til átta milljarða króna (Viðar Halldórsson o.fl., 2015).

Samþætting kynja- og jafnréttissjónarmiða snýst ekki eingöngu um að jafna kynjahlutföll heldur að aðlaga starfsemina að þörfum ólíkra hópa. Ávarpa þarf víðara samhengi hlutanna eins og samfélagsleg viðmið, valdatengsl og forréttindi. Það þarf að vinna markvisst gegn þeim venjum og gildum sem viðhalda ójafnrétti og bregðast þarf við þegar misrétti kemur í ljós. Að stuðla að jákvæðu umhverfi íþróttá á Íslandi er samstarf félaga, iðkenda, sjálfboðaliða og stefnumótandi aðila.

Jákvæða þróun má sjá í jafnréttismálum hjá íþróttahreyfingunni á Íslandi þar sem málefnið er orðið að eðlilegum hluta af starfsemi íþróttafélaganna. Mikla framþróun má sjá frá því að Reykjavíkurborg hóf að greina stöðu jafnréttismála hjá íþróttafélögum borgarinnar fyrir tíu árum. Í kjölfarið hafa verið gerðar jafnréttisúttektir á öllum hverfisíþróttafélögum í borginni.

Upplifun úttektaraðila er að forsvarsfólk félaganna hafi mikinn áhuga og eldmóð fyrir starfseminni og vilji gera vel en upplifi að hafa ekki tíma og svigrúm til að sinna öllum þeim kröfum sem settar eru á faglegt starf íþróttafélaganna. Ákveðið bjargarleysi virðist vera til staðar gagnvart innleiðingu og eftirfylgni með jafnréttisstefnum íþróttafélaga. Ekki virðist vera uppi ágreiningur um nauðsyn þess að skilgreina og setja fram jafnréttisstefnu en íþróttafélögin ná ekki að aðlaga hana nógu vel að sínu starfi og fylgja henni eftir með fullnægjandi hætti. Tiltölulega stutt er síðan gerð var krafa um að félögin væru með virkar jafnréttisstefnur og því er líklegt að við séum ennþá í lærdómsferli með framkvæmdina. Mikilvægt er því að styðja við, leiðbeina og hvetja félögin áfram. Innan félaganna er mikil þekking á íþrótt- og þjálffræði en sérþekking á jafnréttismálum er ekki endilega til staðar. Ljóst er að félögin upplifa að þau hafi ekki endilega þau aðföng (t.d. mannauð, þekkingu, fjármagn, tíma) sem þarf til að vinna skipulega að innleiðingu, framkvæmd og eftirfylgni með jafnréttisstefnum.

Mikið sjálfboðastarf fer fram innan íþróttafélaganna, sem virðist almennt ekki vera haldið utan um með skipulögðum hætti og því ekki vitað nákvæmlega hvaða hópur tekur þátt í þeirri vinnu en vísbendingar eru um að það sé nokkuð einsleitur hópur. Áveðin áskorun er til staðar sem snýr að því að auka fjölbreytileika meðal sjálfboðaliða t.d. með tilliti til foreldra barna sem eru með annað móðurmál en íslensku. Einnig er mikilvægt að skoða hvort hefðbundin kynjaskipting sé í sjálfboðastörfum, þar sem karlar eru t.d. í stjórnnum og stjórnendastöðum, skipuleggja mót, dæma leiki o.fl. og konur í að skipuleggja fjáraflanir og sinna yngstu flokkunum. Mikið sjálfboðastarf fer fram í íþróttafélögum en litlar upplýsingar eru til um sjálfboðaliða og þá vinnu sem þau leggja til.

Mikilvægt er að foreldrar barna sem eru utan normsins séu ekki sett í þá stöðu að þurfa að hafa eftirlit með umhverfi barna sinna og reyna að koma í veg fyrir fordóma, stríðni og jaðarsetningu. Slíkt skapar auka álag á þá hópa foreldra (sjá t.d. Goldberg o.fl., 2020). Umhverfi íþróttanna ætti að vera með þeim hætti að öll séu velkomin og borin sé virðing fyrir fjölbreytileika iðkenda og aðstandenda.

Nýleg samfélagsleg umræða í tengslum við eitraða menningu í íþróttum karla (Ingvi Þór Sæmundsson, 2021) ítrekar mikilvægi þess að vinna gegn skaðlegri karlmennsku innan heims íþróttanna. Í því skyni er fræðsla eitt mikilvægasta verkfærið, þar með talin hinseginfræðsla. Ekkert félaganna í þessari úttekt hafa verið með hinseginfræðslu, að undanskildu starfsfólki skrifstofunnar hjá ÍR, en slíkt er mikilvægur hlekkur í því að gera umhverfi íþróttanna hinseginvænna og mæta þörfum hinsegin iðkenda. Reykjavíkurborg hefur gert samning við Samtökin 78 sem tilgreinir að samtökin veita fræðslu í málefnum hinsegin fólks án kostnaðar fyrir félögin. Einnig má velta fyrir sér hvort sú kynjaaðgreining sem er víðast hvar í skipulagi íþróttastarfs skapi vandamál fyrir hinsegin iðkendur og iðkendur sem skilgreina sig utan kynjatvíhyggjunnar. Í þessu samhengi mætti mögulega endurskoða kynjaskiptingu yngri iðkenda.

Flest félögin hafa innleitt og kynnt forvarnir, viðbrögð og verkferla vegna kynferðislegs ofbeldis og áreitni sem ÍBR var vann í víðtæku samráði við aðila innan íþróttasamfélagsins. Það er afar mikilvægt að byggja upp umhverfi þar sem kynferðislegt ofbeldi og áreitni líðst ekki og til þess eru ýmsar leiðir svo sem með fræðslu og með því að taka umræðuna alltaf þegar tækifæri gefast. Ef kynferðislegt ofbeldi eða áreitni á sér stað þá þarf öllum innan félaganna og forsjáradílum þegar það á við að vera ljóst hvert á að snúa sér og hvað gerist í framhaldinu. Í þeim tilvikum á að vinna samkvæmt verkferlum ÍBR og á innanbúðarfólk ekki sjálft að taka á slíkum málum. KSÍ málið svokallaða sýnir svart á hvítu mikilvægi þessa, þ.e. að unnið sé eftir skýrum verkferlum og að innanbúðarfólk sjálft hlutist ekki til í jafn alvarlegum málum.

Það kom úttektaraðilum nokkuð á óvart að engar haldbærar upplýsingar virðast vera til um skiptingu fjármagns innan félaganna, og hvort ójafnvægi gæti í þeim fjármunum sem fara til drengja og karla annars vegar og stúlkna og kvenna hins vegar. Þá hafa ekki verið framkvæmdar reglulegar launaúttektir og ákvarðanir varðandi kaup og kjör virðast ekki hafa verið formfestar.

Þátttaka barna af erlendum uppruna er minni í skipulögðum íþróttum og eru öll íþróttafélögin meðvituð um mikilvægi þess að ná til þessara barna. Ýmsar leiðir eru farnar en félögin eiga öll í góðu samstarfi við skólana í hverfunum og þjónustumiðstöðvarnar.

Leiðbeiningar og stuðningsefni

- Móttökuáætlun fyrir börn og unglinga af erlendum uppruna – [hér](#)
- Trans börn og íþróttir – [hér](#)
- Hinsegin fólk og íþróttir - [hér](#)
- Kynferðislegt ofbeldi og kynferðisleg áreitni í íþróttum - [hér](#)
- Siðareglur ÍBR um kynferðislega áreitni og kynferðislegt ofbeldi - [hér](#)
- Jafnréttisstefna og aðgerðaráætlun – [hér](#)
- Samskiptaráðgjafi íþróttar- og æskulýðsstarfs - [hér](#)

Tillögur til úrbóta

Félögin

Jafnrétti

- Félögin svöruðu því öll til að iðkendur nytu jafnræðis varðandi aðstöðu, æfingátíma o.s.frv. en hins vegar var ekki vísað í úttektir/mælingar því til stuðnings. Slíkar úttektir og mælingar á hins vegar að framkvæma samkvæmt jafnréttisstefnum og aðgerðaráætlun félaganna. Brestur virðist vera á því að félögin framkvæmi árlegar úttektir í samræmi við aðgerðaáætlanir sínar. Það er hins vegar mjög mikilvægt, því öðruvísi getum við ekki fullyrt um að staðan sé jöfn.
- Auka gagnsæi í launasetningu og verktakasamningum t.d. með því að hafa fyrirfram skilgreinda flokka. Mikilvægt er að finna sanngjarnar leiðir til að ákvarða laun sem muni ekki mismuna þjálfurum eftir kyni eða hvaða iðkendur þau þjálfar. Því fleiri breytur sem eru teknar inn því meiri líkur á að breyturnar sjálfar valdi mismun milli kynja.
Dæmi: Ef laun aðalþjálfara fara eftir fjölda iðkenda í flokknum þá er betur launað að þjálfar stóra hópa. Ef stærstu hóparnir eru drengjaflokkar þá fá þjálfarar drengjaflokka hærri laun en þjálfarar fámennari stúlknaflokka.
- Stjórnir íþróttafélaganna virðast nokkuð einsleitar þegar horft er á þætti eins og kyn eða uppruna. Mikilvægt er að finna leiðir til að auka fjölbreytileika í stjórnnum íþróttafélaga.
- Gæta þarf þess að jafnréttisstefnur og aðgerðaráætlanir séu virk plögg, og helst þýdd á fleiri tungumál t.d. ensku og pólsku.
- Tækifæri eru til að gera jafnréttisstefnur og siðareglur sýnilegri á vefsíðum félaganna. Hægt væri að hafa þær sýnilegar á forsíðunni. Ekki aðeins auðveldar það aðgengi heldur sendir það einnig skilaboð um mikilvægi þeirra.
- Kynna þarf jafnréttisstefnur/aðgerðaráætlanir og siðareglur fyrir nýju starfsfólki þegar gengið er frá ráðningarsamningi. Einnig þarf að kynna þær fyrir sjálfbóðaliðum og aðstandendum iðkenda.
- Nýta þau tækifæri sem bjóðast til að kynna stefnuna/aðgerðaráætlun eins og t.d. að senda foreldrum/forráðamönnum hlekk á hana þegar aðrar upplýsingar eru sendar út.
- Ein leið til að auka vægi jafnréttisstefnu sé að hún sé endurskoðuð árlega af aðalstjórn og greinargerð lögð fyrir um framkvæmd stefnunnar. Þá er einnig hægt að fjalla um framgang jafnréttisstefnu í ársskýrslu félags og/eða starfsskýrslum deilda.
- Vinna þarf gegn staðalmyndum um kynin, fræða starfsfólk, þjálfara, iðkendur og sjálfbóðaliða um mannréttindi og margbreytileika, s.s. ólíkar kynhneigðir, kyntjáningu, kynvitund, uppruna, útlit, líkamlegt atgervi og heilsufar sbr. mannréttindastefnu Reykjavíkurborgar og stefnu borgarinnar í íþróttamálum.
- Jafnréttisstefnurnar, sem unnar eru eftir skapalóni frá ÍBR og Reykjavíkurborg, snúa aðallega að jafnrétti kynjanna. Rétt er að útvíkka þessar stefnur þannig þær taki til jafnréttis í víðari skilningi t.d. með tilliti til hinsegin fólks, fatlaðs fólks og fólks af erlendum uppruna.
- Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa hvetur íþróttafélögin til að framkvæma viðhorfskannanir meðal foreldra og iðkenda til að sjá hvort munur sé á viðhorfi og ánægju til starfsins eftir bakgrunnsbreytum eins og t.d. kyni. Niðurstöður slíkrar könnunar gætu gefið vísbendingar um hvort það séu einhver málefni sem þarf að taka á og gefa tækifæri til að aðlaga aðgerðaáætlun enn betur að starfi félagsins. Hægt væri að leita eftir samstarfi við nemendur t.d. í íþróttufræði við framkvæmd slíkrar könnunar.

Siðareglur

- Vera með fræðsluáætlun og skoða möguleikann á stuttum rafrænum fræðslum til að auka aðgengi. Slík vinnubrögð gefa betri yfirsýn og leiða frekar til þess að þekking og meðvitund ríki innan félagsins, t.d. um jafnrétti, hinsegin málefni, ferla vegna kynferðislegs ofbeldis og áreitni. Mannréttinda- og lýðræðisskrifstofa Reykjavíkur er reiðubúin að skoða með ÍBR hvernig fræðsluáætlun íþróttafélaga gæti litið út.

Efnaminni iðkendur

- Félögin koma til móts við efnaminni iðkendur en upplýsingar um að slíkt sé í boði eru oft ekki aðgengilegar á vefsíðum félaganna.
- Gott samstarf við þjónustumiðstöðvar í hverfinu er mikilvægt til að koma upplýsingum til staðar um hvaða þjónusta sé í boði.

Iðkendur af erlendum uppruna

- Bæta upplýsingagjöf félaganna, þ.e. vera með upplýsingar á fleiri tungumálum en íslensku. Ekki þarf endilega að þýða allar vefsíðurnar heldur gæta þess að almennar grunnupplýsingar um starfsemi félagsins, æfingatíma og æfingagjöld sé á ensku og pólsku.
- Hafa til staðar verkferla um hvernig tekið er á móti innflytjendum sem eru iðkendur og foreldrum/forráðamönnum þeirra.

Hinsegin iðkendur

- Leita leiða til að vera með sérstaka ókyngreinda búningsklefa eða salernisaðstöðu fyrir trans og intersex fólk og/eða einstaklinga sem skilgreina sig utan við hefðbundin kynjanorm samfélagsins.
- Endurskoða hvort kynjaskipting sé nauðsynleg, sér í lagi hjá yngri iðkendum.
- Taka á neikvæðri orðræðu sem beinist gegn hinsegin fólki, þ.m.t. að nota hinsegin hugtök í neikvæðum tilgangi. Hinsegin fræðsla fyrir starfsfólk og þjálfara, helst leikmenn líka.
- Rýna umhverfið. Hvaða myndir eru á veggjum, er regnbogafáninn einhvers staðar?

Fatlað fólk

- Bæta sýnileika fatlaðs fólks og fólks af erlendum uppruna í myndefni og kynningarefni félaganna
- Hafa upplýsingar um aðgengismál á heimasíðum félaga
- Skoða hvort hverfisíþróttafélögin geti í meira mæli boðið upp á íþróttir fyrir fatlað fólk

ÍBR og Reykjavíkurborg - ÍTR

Skýra hver ber ábyrgð á því að fylgja því eftir að jafnréttisstefnurnar séu virkar.

Huga að næstu skrefum.

- Hafa félögin unnið skv. þeim tillögum sem settar voru fram um úrbætur?
- Þarf að gera úttektir á öðrum félögum sem eru ekki hverfisíþróttafélög?
- Finna leiðir til að bæta aðgengi fatlaðs fólks að starfi hverfisíþróttafélaga

Heimildir

- Anderson, E. D. (2009). The maintenance of masculinity among the stakeholders of sport. *Sport Management Review*, 12(1), 3–14. Scopus. <https://doi.org/10.1016/j.smr.2008.09.003>
- Anderson, E. D. (2010). *In the game: Gay athletes and the cult of masculinity*. SUNY Press.
- Ásdís Ásbjörnsdóttir, Bragi Þór Bjarnason, Jóhanna Garðarsdóttir, & Sólveig Valgeirsdóttir. (2012). *Kynjuð fjárhags- og starfsáætlanavinna. Tilraunaverkefni ÍTR. Frístundakortið*. Reykjavíkurborg. https://reykjavik.is/sites/default/files/yomis_skjol/skjol_utgefid_efni/lokaskyrsla_fristundakort.pdf
- Coakley, J. J., & Pike, E. (2014). *Sports in society*. McGraw-Hill Education.
- Denison, E., & Kitchen, A. (2015). *Out in the fields: The first international study on homophobia in sport*. Nielsen, Bingham Cup Sydney 2014, Australian Sports Commission, Federation of Gay Games. www.outonthefields.com
- Dworkin, S. L., & Messner, M. A. (2002). Just do ... What? Sport, bodies, gender. Í *Gender and sport: A reader* (bls. 17–29). Routledge.
- Elísabet Karlsdóttir, & Erla Björg Sigurðardóttir. (2015). *Jaðarstaða foreldra—Velferð barna*. Rannsóknarstofnun í barna- og fjölskylduvernd. <https://skemman.is/handle/1946/23131>
- Eygló Árnadóttir, Valgerður Jóhannsdóttir, & Þorgerður Einarsdóttir. (2010). Konur og karlar í fjölmiðlum á Íslandi: Ísland í alþjóðlegri fjölmiðlavöktun. Í Helga Ólafs & Hulda Proppé (Ritstj.), *Rannsóknir í félagsvísindum XI. Þjóðarspegillinn 2010*. (bls. 35–45). Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands.
- Fink, J. S. (2008). Gender and sex diversity in sport organizations: Concluding comments. *Sex Roles: A Journal of Research*, 58(1–2), 146–147. <https://doi.org/10.1007/s11199-007-9364-4>
- Goldberg, A. E., Allen, K. R., & Carroll, M. (2020). “We Don’t Exactly Fit In, but We Can’t Opt Out”: Gay Fathers’ Experiences Navigating Parent Communities in Schools. *Journal of Marriage and Family*, 82(5), 1655–1676. <https://doi.org/10.1111/jomf.12695>
- Hafðís Hafsteinsdóttir. (2013). Forystulið þjóðarinnar? Kvennaíþróttir, karlmennska og þjóðerni. *Sagnir*, 30(1), 56–70.
- Helena Jónsdóttir. (2021). *Gender equality in sports: The gender pay gap and women’s representation in Icelandic sports clubs* [Meistararitgerð, Háskólinn í Reykjavík]. <https://skemman.is/handle/1946/39334>
- Inchley, J., Currie, D., Young, T., Samdal, O., & Torsheim, T. (Ritstj.). (2017). *Growing up unequal: Gender and socioeconomic differences in young people’s health and well-being*. WHO. <http://www.euro.who.int/en/publications/abstracts/growing-up-unequal.-hbsc-2016-study-20132014-survey>
- Ingvi Þór Sæmundsson. (2021, febrúar 9). Ungir iðkendur í áfalli og segist skynja viðhorfsbreytingu. *vísir.is*. <https://www.visir.is/g/20212150142d/ungir-idkendur-i-afalli-og-segist-skynja-vidhorfsbreytingu>
- Íþrótt- og tómsfundasvið Reykjavíkurborgar. (2016). *Styrkir íþrótt- og tómsfundasviðs til íþróttafélaga: Dreifing á iðkendur eftir kyni*. Reykjavíkurborg. https://reykjavik.is/sites/default/files/itr_greining_a_styrkjauthlutun.pdf
- Johnson, C. W., & Kivel, B. (2007). Gender, sexuality and queer theory in sport. Í C. C. Aitchison (Ritstj.), *Sport and gender identities: Masculinities, femininities and sexualities*. Routledge.
- Júlía Margrét Einarsdóttir, & Kristján Guðjónsson. (2021, desember 5). Eflaust verið rætt við mig í einhverjum búningaklefum. Í *Lestin*. RÚV. <https://www.ruv.is/frett/2021/05/12/eflaust-verdur-raett-um-mig-i-einhverjum-buningaklefum>
- Kjartan Ólafsson. (2006). *Sports, Media and Stereotypes Women and Men in Sports and Media*. Center for Gender Equality. https://www.researchgate.net/publication/267447164_Sport_Media_and_Stereotypes_Women_and_Men_in_Sports_Media

- Kolbeinn Tumi Daðason. (2013). *Íþróttافرéttamennska á Íslandi. Íþróttaumfjöllun um karla og konur á íslenskum vefmiðlum* [Meistararitgerð, Háskóli Íslands]. <https://skemman.is/handle/1946/13757>
- Kristín Sigurðardóttir. (2021, maí 14). Neikvætt tal um konur í öllum karlaklefum í fótbolta. *ruv.is*. <https://www.ruv.is/frett/2021/05/14/neikvaett-tal-um-konur-i-ollum-karlaklefum-i-fotbolta>
- Messner, M. A. (1989). Masculinities and athletic careers. *Gender & Society*, 3(1), 71–88. <https://doi.org/10.1177/089124389003001005>
- Messner, M. A., & Sabo, D. F. (1990). *Sport, men, and the gender order: Critical feminist perspectives*. Human Kinetics Books.
- Messner, M. A., & Sabo, D. F. (1994). *Sex, violence & power in sports: Rethinking masculinity* (1. útg.). Crossing Press.
- Roper, E. A., & Hallronan, E. (2007). Attitudes toward gay men and lesbians among heterosexual male and female student-athletes. *Sex Roles: A Journal of Research*, 57(11–12), 919–928.
- Svandís Anna Sigurðardóttir. (2020, nóvember 19). *Hinsegin fólk og íþróttir: Könnun og niðurstöður*. Ofbeldisvarnarnefnd. Fundur 40., Reykjavík. https://fundur.reykjavik.is/sites/default/files/agenda-items/hinsegin_folk_og_ithrottir_-_kynning_a_nidurstodum_svandis_anna_sigurdardottir.pdf
- Tóttla I. Sæmundsdóttir, & Daníel E. Arnarsson. (2020). *Könnun á líðan hinsegin ungmenna í skólaumhverfi*. Samtökin 78.
- Valgerður Jóhannsdóttir, & Þorgerður Einarsdóttir. (2015). Gender bias in the media: The case of Iceland. *Stjórnmal og stjórnsýsla*, 11(2), 207–230. <https://doi.org/10.13177/irpa.a.2015.11.2.5>
- Viðar Halldórsson. (2014). Íþróttabátttaka íslenskra ungmenna: Þróun íþróttabátttöku og greining á félagslegum áhrifaþáttum. *Netla, veftímarit um uppeldi og menntun*. <https://skemman.is/bitstream/1946/20622/1/%C3%8D%C3%BEr%C3%B3tta%C3%BE%C3%A1tttaka.pdf>
- Viðar Halldórsson, Þórólfur Þórlindsson, Jónas Hlynur Hallgrímsson, Daði Lárusson, & Drífa Pálin Geirs. (2015). *Íþróttir á Íslandi: Umfang og hagræn áhrif*. Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands. <https://doi.org/10.13140/RG.2.1.3634.8968>
- Woods, R., B. (2015). *Social issues in sport* (3. útg.). Human Kinetics.

Viðauki I. Spurningar sendar félögum þremur

Iðkendur

Jafnrétti kynja

- Kynjahlutföll iðkenda. [Upplýsingar koma frá ÍBR]

Aðstaða og úthlutanir úr afrekssjóðum

- Er fjöldi æfingatíma sá sami fyrir stúlkur og drengi í sama flokki?
- Fá stúlkna- og drengjaflokkar sambærilega búningsklefa?
- Æfa stúlkna- og drengjaflokkar á jafn góðum völlum?
- Æfa stúlkna- og drengjaflokkar á jafn góðum tímum?
- Er jafnræði á milli kynjanna varðandi verðlaunagripí?
- Er kostunar- og samstarfsaðilum kynnt stefna félagsins um að jafnræðis skuli gætt milli kynja og greina varðandi verðlaun?
- Hvernig skiptust úthlutanir úr afrekssjóðum félagsins á milli kynja árin 2018, 2019 og 2020?
- Hvernig er aðgengi að sjúkráþjálfurum eða styrktarþjálfurum, greint niður á kyn?
- Er samræmi í fjárveitingum til íþróttgreina eftir kynjum innan félagsins?
- Eru fyrirmyndir, einstaklingar, sem félagið notar til hvatningar fyrir aðra að jöfnu kven- og karlkyns?

Auglýsingar og styrktarkvöld

- Eru leikir kvenna- og karlaliða auglýstir jafnmikið?
- Eru haldin styrktarkvöld jafnt fyrir kvenna- og karlalið?
- Hvernig er ágóðanum af styrktarkvöldum skipt á milli liða (kvenna- og karlaliða)?

Starfsfólk – laun, hlunnindi og símenntun

- Fær starfsfólk félagsins sömu laun fyrir sömu eða sambærileg störf?
- Fá þjálfarar sömu laun óháð kyni?
- Fá þjálfarar jöfn laun óháð því hvort þeir þjálfra kvenna- eða karlalið?
- Fá þjálfarar sömu hlunnindi óháð kyni?
- Njóta þjálfarar jafnra tækifæra til endurmenntunar óháð kyni þeirra og því hvort þau þjálfra konur eða karla?
- Er kallað eftir sakavottorði og meðmælum frá fyrri vinnuveitendum þegar þjálfarar/starfsfólk er ráðið til félaganna?

Stjórnun

- Hvernig eru kynjahlutföll stjórnenda og stjórnarmeðlima? [Upplýsingar liggja fyrir á heimasíðu félaganna?]
 - Ef kynjahlutföllin eru ójöfn: hefur eitthvað verið gert til að auka fjölbreytileika stjórnenda og stjórnarmeðlima?
 - Hefur eitthvað verið gert til að stuðla að þátttöku ólíkra hópa á aðalfundum félagsins þegar kosið er til stjórnar?
 - Hvernig er framboð til stjórna og kosningu háttað? Er kosning leynileg?

Jafnréttisstefna

- Er til samþykkt jafnréttisstefna?
 - Hvernig varð stefnan til?
 - Hverjir tóku þátt í mótun stefnunar?
 - Er hún endurskoðuð reglulega?
 - Hvernig er eftirfylgni með markmiðum stefnunnar háttað?
- Er aðgerðaáætlun, tímamörk og ábyrgð skilgreind í jafnréttisstefnunni?
- Er jafnréttisstefnan virk? Ef já vinsamlegast látið fylgja með skjal sem sýnir það, t.d. árlegar úttektir sem gerðar hafa verið skv. aðgerðaáætlun stefnunnar.
- Er jafnréttisstefnan kynnt fyrir iðkendum, þjálfurum, starfsfólki, sjálfbóðaliðum og aðstandendum iðkenda?
- Hefur jafnréttisstefnunni verið skilað inn til ÍBR meðfram skilum ársreikninga?

Siðareglur og hegðunarviðmið

- eru til siðareglur og eða hegðunarviðmið hjá félaginu?
 - Hvernig urðu siðareglurnar/hegðunarviðmiðin til?
- eru siðareglur og/eða hegðunarviðmið kynnt fyrir þjálfurum, starfsfólki, iðkendum og aðstandendum þegar um börn og unglinga er að ræða?
- eru til verkferlar varðandi hvað skal gera ef upp koma mál?
- Hefur innan félagsins verið kynntar forvarnir, viðbrögð og verkferlar vegna kynferðislegs ofbeldi og áreitni sem ÍBR vann í víðtæku samráði við aðila innan íþróttasamfélagsins?

Innflytjendur

- Hvernig er staðið að kynningu á starfsemi félagsins í hverfinu og annars staðar?
- Er þess gætt að ná til sem flestra með því að nota fleiri tungumál en íslensku og hafa textann einfaldan?
- Á hvaða tungumáli eru upplýsingar um æfingatíma, keppnir, mót o.s.frv.?
- Hvernig er myndmálið í kynningarefni, er passað upp á fjölbreytileika?
- Er hugsað um að dreifa (hvort sem um er að ræða rafrænt eða með öðrum hætti) kynningarefni á stöðum þar sem líklegt er að það nái til innflytjenda?
- Er tekið sérstaklega á móti börnum og foreldrum/forsjáraðilum/forráðamönnum af erlendum uppruna/sem ekki tala íslensku?
- Er skilningur á því innan félagsins að það geti haft hlutverk í því að gera innflytjendur virka í samfélaginu (inclusive integration) og er eitthvað sérstakt gert í því?
- Er forvarnargildi íþróttar og annarra tómsunda kynnt fyrir innflytjendum?
- Hvert er hlutfall innflytjenda á meðal starfsfólks, þjálfara, sjálfbóðaliða og í foreldrafélögum?

Hinsegin iðkendum

- Hvernig er aðgengi að salernum/búningsklefum fyrir t.d. trans fólk sem treystir sér ekki til að nota kyngreind rými?
- Fær starfsfólk hinsegin fræðslu til að geta betur sinnt hinsegin iðkendum?
- Er eitthvað í umhverfinu hinseginvænt er t.d. regnbogafáni eða límmiði sýnilegur?
- Er tenging milli félagsins og Tjarnarinnar - félagsmiðstöðvar hinsegin ungmenna eða félagsins og Samtakanna 78?

- Hafa hinsegin iðkendur möguleika á stuðningi innan félagsins?

Fatlaðir iðkendur

- Hvernig er aðgengi að íþróttastöðu, búningaklefa og salernisaðstöðu?
- Hvernig er því háttáð þegar iðkandi er með aðstoðarmanneskju með sér?
- Hafa fatlaðir iðkendur tækifæri á að æfa með félaginu ef t.d er þörf er á stuðningi vegna fötlunar, líkamlegrar eða andlegrar?
- eru fatlaðir iðkendur sýnilegir í kynningarefni?

Efnahagur og samvinna

- Er eitthvað gert til að auðvelda efnaminni börnum og unglíngum að æfa, annað en frístundakortið?
- Er samvinna við þjónustumiðstöð og/eða skóla í hverfinu um stuðning vegna efnaminni iðkenda?
- eru leiðir til að sækja um styrki aðgengilegar og sýnilegar? Vita innflytjendur örugglega af þeim leiðum?

Ýmislegt

Fræðsla

- Er til fræðsluáætlun hjá félaginu?

Kynbundið og kynferðislegt ofbeldi og áreitni #Metoo

- Hefur verið ráðist í einhverjar aðgerðir eða breytingar í kjölfar #metoo bylgjunnar?

Umhverfi

- Hvaða myndir hanga á veggjum m.t.t. kyns, uppruna/fjölbreytileika, fötlunar o.s.frv.